



ÁRSSKÝRSLA 2004
ÁRSSKÝRSLA 2004



FASTEIGNAMAT RÍKISINS

© Fasteignamat ríkisins og höfundar

Útgefandi: Fasteignamat ríkisins
Ritstjórar: Guðmundur J. Guðmundsson
og Snorri Gunnarsson
Hönnun, myndstjórn og umbrot: ENNEMM
Myndrit: Guðmundur Ó. Ingvarsson
Prentun: Svansprent

Ávarp forstjóra	5
Starfsemin á árinu 2004	7
Ársreikningur 2004	10
Útdráttur úr viðhorfskönnun	12
Fasteignamarkaðurinn á árinu 2004	14
Margrét Hauksdóttir, lögfræðingur: Fasteignaskráning á Íslandi	17
Töflur	47
Tafla 1.1 Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2004	47
Tafla 1.2 Fasteignamat og brunabótamat frá 1994	49
Tafla 1.3 Fjöldi íbúða eftir byggingartíma. Landið allt	50
Tafla 1.4 Fjöldi íbúða eftir sveitarfélögum	51
Tafla 2.1 Velta og fjöldi kaupsamninga í fasteignaviðskiptum 1990-2004	53
Tafla 2.2 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 2003	54
Tafla 2.3 Fjöldi kaupsamninga og velta eftir sveitarfélögum 2004	57
Tafla 3.1 Fasteignaverð í sérbýli í ýmsum sveitarfélögum árið 2004	60
Tafla 3.2 Fasteignaverð í fjölbýli í ýmsum sveitarfélögum árið 2004	68
Tafla 3.3 Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæði	77
Tafla 3.4 Íbúðaverð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu árið 2004	78
Tafla 3.5 Íbúðaverð í fjölbýli eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu árið 2004	79
Tafla 4.1 Fjármögnun íbúðarhúsnaðis 2004	93
Tafla 4.2 Fjármögnun íbúðarhúsnaðis 1995-2004	94



Árið 2004 var árangursríkt í starfsemi Fasteignamats ríkisins. Þrátt fyrir að mikið væri byggt á árinu réði stofnunin yfirleitt við að skrá jafnóðum nýjar lóðir og byggingar á þeim og að ákvarða fasteignamat og brunabótamat þessara eigna. Þessu álagi reyndi stofnunin að mæta með því að skipuleggja starfsemina vel, bæta skráningar- og matskerfi sín og gera tölvukerfin notendavænni og hraðvirkari.

Þáttaskil urðu í starfseminni þegar upplýsingar um þinglýstar fasteignir í Reykjavík, Hafnarfirði og Ísafjarðarbæ voru færðar úr sérstöku tölvukerfi sem hélt utan um þinglýsingarupplýsingar um þessar eignir yfir í Landskrá fasteigna. Í kjölfarið hófst markviss vinna við að bera þessar upplýsingar saman, eign fyrir eign, við upplýsingar um viðkomandi fasteign í Landskrá fasteigna. Þessi vinna gekk vel og í lok ársins 2004 voru um 80% fasteigna á Íslandi fullskráðar í Landskrá fasteigna.

Á fasteignamarkaði áttu grundvallarbreytingar sér stað í lánamálum.

Húsbréfakerfið var lagt niður um mitt ár og í kjölfarið hófst samkeppni fjármála-fyrirtækja á íbúðalánamarkaði. Leiddi þetta til vaxtalækkana, hærri lánsfjárhæða og breyttra viðmiðana við lánveitingar sem síðan leiddi til verðhækkana. Mikil umsvif á fasteignamarkaði skapa auknar annir á ýmsum sviðum Fasteignamats ríkisins.

Vefsetur Fasteignamats ríkisins var endurskipulagt á árinu og var nýr vefur gangsettur. Verkið var unnið í samráði við fulltrúa samstarfsaðila og almennings. Þetta endurspeglar þá stefnu að vefurinn sé aðal upplýsinga- og samskiptavettvangur við fasteignaeigendur og almenning.

Samhliða þessu var efni á vefnum aukið og endurbætt, sérstaklega um fasteignamarkaðinn. Einnig voru fyrstu skrefin stigin í notkun landakorta og ljósmynda til að bæta upplýsingagjöfina.

Viðtökur almennings við þessum breytingum voru góðar og notkun á vefnum margfaldaðist.

Haukur Ingibergsson, forstjóri

Hlutverk

Fasteignamat ríkisins hefur það hlutverk að annast skráningu og mat fasteigna og halda til þess viðeigandi kerfi og veita upplýsingar úr þeim. Þessu sinnir stofnunin með eftirfarandi hætti:

1. Landskrá fasteigna

Fasteignamat ríkisins heldur og þróar gagna- og upplýsingakerfið Landskrá fasteigna en þar skal skrá allar fasteignir í landinu og er hún grundvöllur skráningar fasteigna og hnitsettra eignamarka lands, mats fasteigna, húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár, auk þess að vera stoðgagn í landupplýsingakerfum.

2. Fasteignamat

Fasteignamat ríkisins metur matsskyldar fasteignir fasteignamati sem er gangverð umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði í kaupum og sölum í nóvembermánuði ár hvert, miðað við heimila og mögulega nýtingu fasteignarinnar á hverjum tíma.

3. Brunabótamat

Fasteignamat ríkisins metur allar matsskyldar húseignir brunabótamati sem tekur til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta í eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.

4. Fasteignamarkaður

Fasteignamat ríkisins birtir reglulega samþættar upplýsingar um fasteignamarkaðinn byggðar á gagnasöfnun stofnunarinnar.

Vefsetur

Á árinu 2004 var vefur Fasteignamats ríkisins (fmr.is) endurskipulagður og nýr vefur settur í loftið í lok apríl. Verkið var unnið í samráði við fulltrúa samstarfsaðila og almennings en Innn hf annaðist hönnun útlits. Eftir breytingu var leiðakerfi vefjarins mun þægilegra í notkun og fræðsluliðir viðameiri en áður auk þess sem útlit var nú í samræmi við nýjan innri vef sem tekinn var í notkun í lok árs 2003.

Í febrúar urðu rafræn veðbandayfirlit úr Landskrá fasteigna aðgengileg á vefsetri stofnunarinnar og í lok ársins höfðu upplýsingar um veðbönd 135.498 fasteigna verið færðar í skrána eða liðlega 80% fasteigna á landinu.


Í júlí var tekin upp sú nýbreytni að birta á vefsetrinu gröf með upplýsingum um fasteignamarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu, það er veltu og vísitölu íbúðaverðs. Upplýsingar um veltu á höfuðborgarsvæðinu eru birtar með vikutíðni. Grafið sýnir upplýsingar um veltu þinglýstra kaupsamninga undanfarnar 52 vikur auk 12 vikna meðaltals. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er reiknuð mánaðarlega og sýnir grafið vísitölugildi síðustu 12 mánaða. Gröfin eru jafnframt birt á Fasteignavef Morgunblaðsins en þar eru einnig tenglar í Markaðsfréttir á fmr.is.

Notkun vefsetursins hefur verið mæld með Samræmdri vefmælingu frá maí 2003. Fjöldi flettinga árið 2004 var 969.818, innlit töldust 249.748 og daglegir notendur 185.572.

Við lok ársins 2004 var fmr.is í 40. sæti yfir mest sóttu vefi landsins skv. samræmdri vefmælingu en þegar líða tók á árið jókst notkunin gríðarlega í takt við breytingar á

lánamarkaði. Þannig jókst meðalfjöldi gesta á dag um 184% og flettingar um 511% milli ára 2003 og 2004.

Innra vefsetur stofnunarinnar sem tekið var til gagnarrar endurskoðunar í árslok 2003 óx hratt og vel á árinu 2004. Starfsmenn voru fljótir að tileinka sér þetta nýja vinnutæki og er vefsetrið helsti miðill þeirra upplýsinga sem starfsmenn nota við vinnu sína.



Skjala- og bókasafnsmál

Skjalavistunarkerfi Fasteignamats ríkisins er ætlað að halda utan um öll erindi sem berast stofnuninni, svo og upplýsingar og gögn frá sveitarfélögum til viðhalds Landskrár fasteigna. Alls voru skráð 18.592 mál í kerfið árið 2004. Skönnun skjala hófst 1. september síðastliðinn. Öll erindi sem fara í bréfasafn eru skönnuð og eru aðgengileg á rafrænu formi í gegnum skjalavistunarkerfið. Undirbúningur var hafinn að uppfærslu á GoPro skjalavistunarkerfi úr GoPro Case í GoPro Professional.

Samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands ber opinberum stofnunum að afhenda safninu skjöl sín til varanlegrar varðveislu. Í lögunum er gert ráð fyrir að stofnanir byggji á markvissri skjalastjórnun svo að þessi gögn megi verða aðgengileg komandi kynslóðum. Mikilvægum áfanga í að framfylgja þeim lögum var náð með því að endurskoðaður bréfalykill var samþykktur af Þjóðskjalasafni í desember 2004. Fyrir lá skjalavistunaráætlun

sem samþykkt hafði verið af Þjóðskjalasafni. Næsta verkefni á þessu sviði er að endurskoða hana, þar sem bæði er að verkefni FMR hafa breyst og svo er form skjala að taka sífelldum breytingum. Þessi atriði eru grunnur að góðri skjalavörslu. Sú vinna er í góðum farvegi enda hefur samstarfið við Þjóðskjalasafn verið með ágætum.

Á árinu 2004 var gert átak í að pakka og ganga frá skjölum, svo og skrá bóka- og tímaritakost stofnunarinnar.

Endurmat íbúðarhúsnæðis í Fjarðabyggð

Fasteignamat ríkisins endurmat fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Fjarðabyggð á árinu 2004. Hið nýja fasteignamat tók gildi 1. september 2004 og var miðað við verðlag í nóvember 2003. Við endurmat íbúðarhúsnæðis á landinu öllu í júní 2001 miðaðist aðferðafræðin á landsbyggðinni við að finna hvert verðmætahlutfall viðkomandi byggðar var miðað við höfuðborgarsvæðið. Þannig var hægt að endurmeta allar byggðir landsins jafnvel þó að fáir kaupsamningar lægju fyrir í viðkomandi byggð. Við endurmatið í Fjarðabyggð 2004 var hins vegar sérhannað matslíkan fyrir Fjarðabyggð í samræmi við um 120 kaupsamninga sem lágu fyrir frá árunum 2002, 2003 og 2004. Breytingar sem urðu frá fyrra mati eru þess vegna mismunandi eftir eignum, en byggjast þó fyrst og fremst á mismunandi hækkunum eftir byggingarári. Elstu eignirnar lækkuðu en þær yngstu hækkðu mikið. Lóðarmat um það bil tvöfaldaðist. Þar með er lóðarmat orðið svipað og á Höfn í Hornafirði og ívið lægra en á Egilsstöðum. Jafnframt var mat samræmt á þéttbýlisstöðunum þrem, Neskaupstað, Eskifirði og Reyðarfirði.

Heildar fasteignamat var samtals 7.242 milljónir kr. fyrir endurmatið en varð eftir endurmatið 9.060 milljónir króna. Samtals var hækkunin 1.819 milljónir kr. eða 25%.

Yfirfærsla gagna úr þinglýsingakerfi Skýrr í Landskrá fasteigna

Embætti sýslumannanna á Ísafirði, í Hafnarfirði og Reykjavík notuðu um skeið svokallað „Skýrrkerfi“ við tölvuvæddar þinglýsingar skjala. Á árinu 2004 urðu þau tímamót að allar rafrænar þinglýsingar fasteigna fluttust í Landskrá fasteigna. Gögn sem verið höfðu í Skýrrkerfum voru flutt í Landskrá fasteigna.

Yfirfærslan fór fram í tveimur skrefum, fyrst voru öll þinglýsingagögn flutt úr Skýrrkerfinu yfir í þinglýsingakerfi Landskrár fasteigna. Að því loknu voru gögnin tengd við rétta fasteign (veðandlag) í Landskránni. Um var að ræða mikið magn gagna og var stærstur hluti þeirra fluttur á milli kerfanna með rafrænum hætti. Aðeins lítill hluti gagnanna, þar sem um misræmi í skráningu var að ræða, var færður á milli með handvirkum hætti.

Undirbúningur yfirfærslunnar stóð yfir í tæpt ár. Forritun og prófanir tóku lengstan tíma auk þess sem haldnar voru kynningar og kennsla bæði fyrir starfsfólk FMR, sýslumanna og byggingafulltrúa. Yfirfærslan fól í sér miklar framfarir fyrir þá sem koma að þinglýsingu og

skráningu fasteigna. Þinglýsingar fara að langmestu leyti fram í þinglýsingakerfi Landskrár fasteigna. Samræmdt skráningarferi vegna nýrra fasteigna er nú fyrir hendi og ný lóð er aðeins stofnuð með þinglýsingu stofnskjals auk þess sem tryggt er að skráning eignaskiptayfirlýsinga verður eins hjá sýslumanni og hjá Fasteignamatinu.

Átaksverkefni með sýslumanninum í Reykjavík

Gert var samkomulag við sýslumanninn í Reykjavík um að standa í sameiningu að átaksverkefni um innfærslu upplýsinga úr þinglýsingabókum hjá embættinu. Þar var um að ræða fasteignir sem ekki höfðu verið í tölvukerfi Skýrr heldur voru enn í þinglýsingabókum. Ráðnir voru fjórir starfsmenn til verkefnisins í fullt starf, þar af einn lögfræðingur, sem jafnframt var stjórnandi verkefnisins. Átaksverkefninu lýkur ekki fyrr en innfærslu er lokið úr öllum bókunum en stefnt er að því að innfærslu verði lokið í lok árs 2006.

REKSTRARREIKNINGUR

ÁRSINS 2004

	2004	2003
	<i>þús. kr.</i>	<i>þús. kr.</i>
Tekjur		
Umsýslugjald	281.066	253.450
Afnotagjöld af fasteignaskrá	189.074	162.139
Þjónustutekjur	13.644	4.453
Tekjur alls	483.784	420.042
Gjöld		
Launagjöld	298.215	276.220
Ferða- og dvalarkostn. fundir, námskeið	19.974	22.547
Rekstrarvörur	9.576	8.816
Aðkeypt þjónusta	107.687	119.847
Húsnæðiskostnaður	39.616	35.924
Bifreiðar og vélar	3.989	3.084
Ýmislegt - tilfærslur og vaxtagjöld	2.035	3.717
Rekstrargjöld samtals	481.092	470.155
Eignakaup	23.989	16.624
Gjöld alls	505.081	486.779
Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags	-21.297	-66.737
Ríkisframlag	104.200	118.300
Tekjuafgangur (halli)	82.903	51.563

EFNAHAGSREIKNINGUR

31. DESEMBER 2004

	2004	2003
	<i>þús. kr.</i>	<i>þús. kr.</i>
Eignir		
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	161.659	124.594
Handbært fé	18.747	5.993
Ríkissjóður	29.736	
Veltufjármunir samtals	<u>210.142</u>	<u>130.587</u>
Eignir alls	<u>210.142</u>	<u>130.587</u>
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	113.355	61.792
Tekjuafgangur (halli) á árinu	82.903	51.563
Eigið fé samtals	<u>196.258</u>	<u>113.355</u>
Skammtímaskuldir:		
Ríkissjóður	0	6.359
Viðskiptaskuldir	13.884	10.873
Skammtímaskuldir samtals	<u>13.884</u>	<u>17.232</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>210.142</u>	<u>130.587</u>

ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN


Dagana 21. júlí til 4. ágúst 2004 gerði Gallup símakönnun á viðhorfum og mati almennings á Fasteignamati ríkisins. Svipaðar kannanir hafa verið gerðar á vegum Gallup allt frá árinu 2000 og hafa niðurstöðurnar jafnan birst í Ársskýrslu Fasteignamatsins ásamt stuttri umfjöllun. Spurt hefur verið um þekkingu manna á starfsemi Fasteignamatsins, jákvæða og neikvæða afstöðu til stofnunarinnar, traust manna á stofnuninni og að síðustu hvort stofnunin sé framsækin eða íhaldssöm. Samkvæmt venju eru niðurstöður síðustu könnunar settar fram í skifuriti en til hliðsjónar eru birtar í línuriti niðurstöður frá árunum 2000 til 2004.

Ímynd Fasteignamats ríkisins

► Hversu vel þekkjá Íslendingar hlutverk Fasteignamats ríkisins?

Nær engar breytingar eru merkjanlegar frá síðasta ári á svörum við þessari spurningu. 23,4% telja sig þekkjá vel til hlutverks Fasteignamatsins, 16,2% hvorki vel né illa og 60,4% illa. Áberandi breyting hefur orðið á svörum við þessari spurningu frá því í fyrstu könnuninni árið 2000 en þá kváðust aðeins um 15% þekkjá hlutverk Fasteignamatsins vel.


Mikil umræða varð um nýja fasteigna- og brunabótamatið sem tekið var upp árið 2001 og verður að telja líklegt að sú umræða hafi skilað sér í því að fleiri telji sig nú þekkjá vel til hlutverks stofnunarinnar en áður.



► Viðhorf gagnvart Fasteignamati ríkisins

Hlutfall þeirra sem eru jákvæðir gagnvart stofnuninni hefur lækkað um 2,4% frá því á síðasta ári, úr 43% niður í 40,6%. Hlutfall þeirra sem neikvæðir eru hefur hækkað úr 11 í 12% og hlutfall þeirra sem hvorki eru jákvæðir né neikvæðir hefur einnig hækkað úr 46% í 47,4%.

Ekki er gott að segja af hverju þessi lækkan stafar en hlutfall þeirra sem eru jákvæðir gagnvart stofnuninni er þó enn nokkru hærra en það var í fyrstu könnuninum.




ÚTDRÁTTUR ÚR VIÐHORFSKÖNNUN

► Er Fasteignamat ríkisins traust stofnun?

Þótt hlutfall þeirra sem eru neikvæðir í garð Fasteignamatsins hafi hækkað lítillega kemur það ekki niður á trausti manna á stofnuninni. Í könnun ársins 2003 töldu 72% aðspurðra stofnunina trausta en nú eru þeir 77,4% og aðeins um 7% telja hana ótrausta.

Hlutfall þeirra sem telja hana hvorki trausta né ótrausta er nær óbreytt.


Nú er hlutfall þeirra sem telja Fasteignamatið trausta stofnun um 10% hærra en það var í fyrstu könnunum. Niðurstöður þessa hluta könnunarinnar eru býsna athyglisverðar. Þrátt fyrir að lítið eitt fleiri hafi neikvætt viðhorf til Fasteignamatsins en áður þá láta aðspurðir það ekki koma niður á trausti sínu á stofnuninni sem óneitanlega er ánægjulegt. Þessi niðurstaða bendir til að þótt fólk sé ef til vill ekki fullkomlega sátt við niðurstöður stofnunarinnar telji flestir aðspurðra afgreiðslu sinna mála eðlilega og í samræmi við þau lög og reglur sem Fasteignamatið starfar eftir.



► Er Fasteignamatið framsækin eða íhaldsöm stofnun?

Sem fyrr telur mikill meirihluti aðspurðra Fasteignamatið íhaldssama stofnun eða um 76%. Þetta eru þó tveimur prósentum lægra hlutfall en árið 2003. Lítið eitt færri telja stofnunina framsækna en í síðustu könnun en hlutfall þeirra sem telja hana hvorki íhaldssama né framsækna hefur nokkuð hækkað eða úr 11% í 13,5%.

Þessi niðurstaða er í samræmi við þá þróun sem greina hefur mátt á undanförunum árum, nýja fasteigna- og brunabótamatið, tölvuútreikningar á því ásamt umræðu um gagna- og upplýsingakerfið Landskrá fasteigna gerði það að verkum að mun fleiri töldu stofnunina framsækna meðan hún stóð sem hæst. Nú hefur þessi umræða fjarad út og hlutfall þeirra sem telur Fasteignamatið íhaldssama stofnun fer hækkanði.



FASTEIGNAMARKAÐURINN Á ÁRINU 2004


Breytingar á lögum um húsnæðismál

Til tíðinda dró á fasteignamarkaðinum á árinu 2004. Alþingi samþykkti frumvarp félagsmálaráðherra til breytinga á lögum um húsnæðismál. Þær tóku gildi þann fyrsta júlí og fólu í sér að húsbrefakerfið svokallaða var lagt niður. Í húsbrefakerfinu gaf íbúðarkaupandi út fasteignaveðbréf á seljanda til greiðslu á hluta kaupverðsins en seljandinn fékk svo markaðsverðbréf, þ.e. húsbref, í skiptum fyrir fasteignaveðbréfið. Húsbrefin gat íbúðareigandi selt á markaði á gengi sem ákvarðaðist af ávöxtunarkröfu á hverjum tíma. Eftir breytingarnar veitir Íbúðalánasjóður peningalán í stað skuldabréfaskipta áður. Seljendur íbúða fá því þann hluta kaupverðsins sem fjármagnaður er með láni frá Íbúðalánasjóði greiddan í reiðufé í stað húsbrefa. Verðmyndun húsnæðis er þannig gegnsæri en áður.

Breytingar á vaxtakjörum

Vaxtakjör á íbúðalánamarkaði tóku miklum breytingum árið 2004. Ávöxtunarkrafa húsbrefa tók stefnuna niður á við snemma ársins. Hlutfall yfirtekinna fasteignaveðbréfa í fasteignaviðskiptum lækkaði framan af árinu samhliða lækkanði ávöxtunarkröfu húsbrefanna. Lág ávöxtunarkrafa húsbrefa fól í sér að hagkvæmt var að greiða upp áhvílandi lán með 5,1% vöxtum og taka ný lán með sömu vöxtum, skiptanleg fyrir húsbref sem selja mátti á yfirverði. Á mynd 1 sést greinilega hvernig ávöxtunarkrafa húsbrefa og hlutdeild yfirtekinna fasteignaveðbréfa haldast í hendur fram á mitt ár 2004. Þegar Íbúðalánasjóður hóf að veita peningalán í júlí báru þau 4,8% vexti.

Á myndinni má sjá að þá hækkar aftur hlutfall yfirtekinna fasteignaveðbréfa. Íbúðakaupendur virðast hafa metið það hagkvæmara að taka yfir lán með 5,1% vöxtum og sleppa við lántöku- og þinglýsingarkostnað heldur en taka ný lán á 4,8% vöxtum. Fasteignakaupendur virðast því hafa metið 4,8% vexti á nýju lánunum óhagstæðari kjör í samanburði við gömlu lánin þegar ávöxtunarkrafa húsbrefanna sem fasteignaveðbréfin voru skiptanlega fyrir var jafn lág og raun bar vitni á öðrum ársfjórðungi eða í kringum 4,2%.



Mynd 1

Í ágúst lækkuðu vextir íbúðalána Íbúðalánasjóðs í 4,5% og lækkaði hlutdeild yfirtekinna lána þá aftur. Í lok ágúst hófu viðskiptabankarnir óvænt að veita íbúðalán í samkeppni við Íbúðalánasjóð. Í upphafi buðu bankarnir 4,4% vexti. Þann 26. ágúst ákvað stjórn Íbúðalánasjóðs að vextir almennra íbúðalána sjóðsins yrðu 4,35% í september. Í lok september ákvað stjórnin svo að útlánsvextir almennra íbúðalána og annarra lánaflokka en leiguíbúðalána yrðu 4,3% í október. Þann 20. nóvember ákvað stjórnin að frá og með 22. nóvember yrðu vextirnir 4,15%.

Íbúðalánavextir viðskiptabankanna fylgdu áþekku lækunarferli og enduðu um svipað leyti í 4,15%. Á mynd 1 sést hvernig hlutdeild yfirtekinna fasteignaveðbréfa hríðfellur á haustmánuðum og er komið niður undir eitt prósent í árslok. Lægri vextir og breytt lána-fyrirkomulag gerðu að verkum að hagstætt var

að staðgreiða kaupverð þannig að seljandi greiddi upp áhvílandi lán.

Auk þess sem vextir lækkuðu buðu viðskiptabankarnir hærri lánsfjárhæð og herra veðsetningarhlutfall eða allt að 100% af kaupverði en miðuðu ekki við brunabótamat eins og íbúðalánasjóður hafði gert.

Velta á fasteignamarkaði


Breytingar á íbúðalánamarkaði höfðu mikil áhrif á viðskipti með íbúðarhúsnæði. Mynd 2 sýnir fjölda kaupsamninga um íbúðarhúsnæði eftir mánuðum. Það kemur glögglega fram snörp aukning viðskipta í september sem hélst út árið.

Íbúðaverð tók að hækka þegar í upphafi árs. Fram í júlí voru mánaðarlegar hækkanir á vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu á bilinu 0,4 - 2,9% og að meðaltali 1,7% á mánuði. Í ágúst mánuði lækkaði vísitalan hins vegar (sjá mynd 3) sem ef til vill skýrist af breyttum vaxtakjörum (breyting í 4,8% vexti frá því að húsbref voru seld á yfirverði). Í september tók vísitalan aftur kipp upp á við og hækkaði um 3,3%. Það sem eftir lifði árs voru mánaðarlegar hækkanir á bilinu 1,3 - 3,8% og hækkun vísitölnnar frá ágúst til desember var 11,3%.

Mynd 4 sýnir 12 mánaða breytingu á vísitölu íbúðarhúsnæðis ásamt breytingum á verði fjölbýlis og sérbýlis sérstaklega. Á myndinni kemur skýrt fram að verð íbúða í sérbýli hækkar mun meira en íbúða í fjölbýli.


Mynd 5 sýnir þróun á ársmeðaltali íbúðaverðs greint eftir landshlutum. Þegar litið er til breytinga á milli árána 2003 og 2004 sker Austurland sig úr með 34,8% hækkun. Næst á eftir kemur höfuðborgarsvæðið en þar var hækkun 13,2% á milli ársmeðaltala 2003 og 2004. Þar á eftir koma svo Norðurland vestra með 12,1% hækkun og Norðurland eystra með 10,6% hækkun.

Fjöldi kaupsamninga um íbúðarhúsnæði, janúar 2003 til mars 2005




Mynd 2

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, janúar 2004 til janúar 2005



Mynd 3

Vísitala íbúðaverðs, 12 mánaða breyting, janúar 2004 til mars 2005



Mynd 4

Tafla A. Breytingar á ársmeðaltölum íbúðaverðs m.v. árið 2004

	Höfuðborgarsvæðið	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland-vestra	Norðurland-eystra	Austurland	Suðurland
Breyting milli 2003 og 2004	13,20%	9,00%	8,80%	-1,70%	12,10%	10,60%	34,80%	9,90%
Breyting frá 2000	40,50%	52,10%	49,00%	5,60%	17,60%	36,40%	45,00%	44,20%
Breyting frá 1995	107,40%	79,90%	83,50%	-10,70%	28,30%	73,10%	59,20%	88,50%
Breyting frá 1990	144,40%	136,40%	163,00%	16,60%	63,10%	109,90%	100,40%	132,10%

Tölurnar byggja á meðaltali fermetraverðs í íbúðarhúsnæði.


Á eftir þeim koma svo á svipuðu róli svæðin sem liggja næst höfuðborgarsvæðinu: Suðurland með 9,9% hækkun, Reykjanes-svæðið með 9,0% hækkun og Vesturland með 8,8% hækkun. Vestfirðir reka svo lestina með lækkun sem nemur 1,7%. Tafla A sýnir hver breytingin hefur verið frá árunum 1990, 1995 og 2000.

Mynd 6 sýnir hlutfallslega skiptingu á veltu milli tegunda fasteigna. Stærst var hlutdeild eigna í fjölbýli eða 56%, þá sérþýli með 28% veltunnar. Viðskipti með íbúðarhúsnæði var því samtals 84% af veltu á fasteignamarkaði árið 2004. Velta atvinnuhúsnæðis nam 13% veltunnar og annað 3%, en undir þann lið flokkast sumarþústaðir, jarðir og fleira.


Mynd 7 sýnir hlutfallslega skiptingu á veltu í fasteignaviðskiptum á milli landshluta.

Höfuðborgarsvæðið ber höfuð og herðar yfir aðra landshluta en fasteignaviðskipti þar námu 78% af viðskiptum á landinu öllu. Þar á eftir kemur Suðurland með 6%, þá Norðurland eystra með 5%, Suðurnes með 4%, Vesturland með 3% og Austurland með 2%. Vestfirðir og Norðurland vestra reka svo lestina með tæplega 1% hvor landshluti.


Í töflu 2.3 í töfluvíðauka er að finna upplýsingar um upphæð veltu og fjölda kaupsamninga í öllum sveitarfélögum árið 2004.



Mynd 5



Mynd 6



Mynd 7

Margrét Hauksdóttir, lögfræðingur

Formáli

Grein þessi um fasteignaskráningu á Íslandi er hluti af samstarfsverkefni fasteignaskráningastofnana á Norðurlöndunum. Markmiðið með verkefninu er að gefa út bók á árinu 2006 þar sem fasteignaskráningu í hverju Norðurlandanna fyrir sig er lýst og síðan borin saman í sérstökum yfirlitskafla í lokin. Kafla- og undirkaflaheiti eru höfð þau sömu í öllum greinunum til að einfalda samanburð á milli landa. Uppbygging greinarinnar sem hér birtist er af þessum sökum önnur en ef viðfangsefnið hefði eingöngu verið að lýsa fasteignaskráningu á Íslandi. Þær stofnanir sem taka þátt í verkefninu eru: Kort- & Matrikelstyrelsen í Danmörku, Lantmäteriverket í Finnlandi, Statens Kartverk í Noregi, Lantmäteriverket í Svíþjóð og Fasteignamat ríkisins á Íslandi.

1. Almennt yfirlit

1.1 Uppbygging fasteignaskrár

Fram til ársins 1976 tók löggjöfin á Íslandi fyrst og fremst mið af fasteignamati en ekki af því að halda skrá um fasteignir. Hver sýsla og kaupstaður skyldi standa að fasteignamati fasteigna í umdæmi sínu og eðli málsins samkvæmt þurfti að skrá fasteignir með tilliti til þess. Það var loks í lögum frá árinu 1963 að mælt var fyrir um að við endurmat fasteignamats, sem var í undirbúningi við gildistöku laganna, skyldi hefjast handa um að koma upp sem nákvæmasti skráningu fasteigna í landinu („matrikel“).

Fasteignamat ríkisins var sett á laggirnar með lögum frá árinu 1976. Þar var mælt fyrir um að hlutverk þess væri að halda fasteignaskrá og ákveða fasteignamat á öllu landinu. Í upphafi voru færðar upplýsingar um fasteignir frá sveitarfélögum, en á vegum þeirra hafði síðasta endurmat fasteignamats farið fram. Í bráðabirgðaákvæði laganna var gert ráð fyrir að þinglýsingar fasteigna yrðu færðar inn í fasteignaskrá þegar slík breyting þætti tímabær. Það varð síðan að veruleika 25 árum síðar þegar lagabreytingar er mörkuðu grundvöll að Landskrá fasteigna tóku gildi,

1. janúar 2001.¹ Landskrá fasteigna er miðlægt gagna- og upplýsingakerfi þar sem safnað er saman víðtækum upplýsingum um lönd og löðir auk mannvirkja sem á þeim standa.

1.1.1 Tæknileg uppbygging

Þau stjórnvöld sem skrá upplýsingar í Landskrá fasteigna eru hér nefnd skráningaraðilar, en þau heyra öll undir mismunandi ráðuneyti. Fyrst er að nefna sveitarfélögin, sem heyra undir félagsmálaráðuneyti, og eru það byggingafulltrúar sem sjá um skráninguna. Síðan kemur Fasteignamat ríkisins, sem fellur undir fjármálaráðuneytið, og loks embætti sýslumanna, sem falla undir dómsmálaráðuneytið.

Landskrá fasteigna er samsett úr fjórum hlutum sem hver um sig ber sérstakt heiti og geymir ólíkar upplýsingar.

Í stofnhluta er sameiginlegur hluti og þar er að finna grunnupplýsingar um hverja fasteign, svo sem heiti og auðkenni, staðsetningu og afmörkun. Þeim upplýsingum verður aldrei breytt nema með staðfestingu allra þriggja skráningaraðilanna.


Í mannvirkjahluta eru til að mynda skráðar upplýsingar um flokkun mannvirkja, stærðir, byggingarefni, byggingarár, notkun o.fl. Þessar

¹ Guðmundur J. Guðmundsson. „Fasteignamat á Íslandi – Frá tíundarlögum til Landskrár fasteigna“, *Ársskýrsla 2000, Fasteignamat ríkisins*.

upplýsingar eru upprunnar frá sveitarfélögum og forskráðar í Landskrá fasteigna af þeim.

Í matshluta er að finna lýsingu mannvirkis, þ.e. upplýsingar um gólfefni, innréttingar og þess háttar auk upplýsinga um gæði og ástand eignarinnar. Matsmenn Fasteignamat ríkisins færa þessi atriði inn í skrána í því skyni að reikna út fasteignamat og brunabótamat hverrar eignar.

Í þinglýsingahluta eru haldnar upplýsingar um eigendur fasteignar og aðra réttihafa, veðbönd og kvaðir. Embætti sýslumanna færa þær upplýsingar inn.



Mynd 1. Skráningaraðilar í Landskrá fasteigna.

1.1.2 Löggjöf

Lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001

Lögin um skráningu og mat fasteigna eru að meginstofni frá árinu 1976, en fyrstu lögin um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, voru endurútgefin á árinu 2001 með lagabreytingum sem þau höfðu sætt. Helstu breytingar voru þær að nýjum kafla um Landskrá fasteigna hafði verið bætt inn í lögin þar sem ný ákvæði um skráningarferli fasteigna og útgáfu stofnskjala var að finna.

Í lögunum er tekið fram að í Landskrá fasteigna skuli skrá allar fasteignir í landinu og hún sé grundvöllur skráningar fasteigna, þinglýsingabókar fasteigna, mats fasteigna og húsaskrár Hagstofu Íslands, þjóðskrár, og sé þannig úr garði gerð að hún nýtist sem stoðgagn í landupplýsingakerfum.

Skráning á fasteignum skal fela í sér nýjustu upplýsingar, sem á hverjum tíma eru tiltækar og fasteignina varða, auk nauðsynlegra greinitalna² hverrar fasteignar. Skráningar upplýsingum skal breytt þegar landsstærðir breytast, notkun lands breytist, svo sem við gerð lóðarsamnings eða úthlutun lóðar, en ella á byggingartíma mannvirkis, þegar mannvirki er tekið notkun og loks þegar mannvirki er breytt eða eytt.

Nánnar er gerð grein fyrir þeim atriðum sem skulu skráð um hverja fasteign í reglugerð um fasteignaskráningu og fasteignamat nr. 406/1978.

Ákvarðanir Fasteignamat ríkisins sem lúta að skráningu fasteigna má kæra til fjármálaráðuneytisins. Ákvörðunum stofnunarinnar sem lúta að fasteignamati og brunabótamati má skjóta til æðra stjórnvalds, yfirfasteignamatsnefndar og eru úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir.

Þinglýsingalög nr. 39/1978

Þinglýsingalög nr. 39/1978 gilda um þinglýsingar. Þar er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu „þinglýsing“, en af ákvæðum þeirra leiðir, að þinglýsing er opinber skráning skjala, er varða réttindi yfir tilteknum eignum, og eru ákveðin réttaráhrif tengd við hina opinberu skráningu.³ Þinglýsingabækur eru því fyrst og fremst réttindaskrá þar sem þinglýsing skjala fer fram í þeim tilgangi að afla þeim sem skjölin varða verndar gagnvart þriðja manni.

Mönnum er í sjálfsvald sett hvort þeir færa skjal til þinglýsingar eða ekki, þó með þeirri undantekningu að þinglýsingarskylda hvílir á ákveðnum tegundum skjala samkvæmt sérlögum. Það skiptir engu máli

² Greinitölur fasteignar er notað yfir auðkennisnúmer hennar og er þeim lýst í kafla 2.3.

³ Þorgeir Örlygsson. Þinglýsingar – Mistök í þinglýsingum – Réttarreglur, Reykjavík 1993, bls. 17.

um samnings samband aðila hvort skjali, sem inniheldur samning þeirra á milli, er þinglýst eða ekki.

Ekki eru takmarkanir á því hverju megi þinglýsa svo framarlega sem eigandi undirritar skjalið. Í hjúskaparlögum er krafist undirritunar maka á tiltekin skjöl. Í reynd eru flest skjöl sem lúta að kaupum og sölu fasteigna gerð af löggiltum fasteignasala eða lögmönnum og veðskuldabréf gerð af fjármálafyrirtækjum. Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Í reynd er mjög lítið um að leitað sé staðfestingar notario publico.

Fjöleignahúsalög

Lög um fjöleignahús nr. 26/1994 fjalla um skiptingu húsa í eignahluta og um skyldur og réttindi eigenda. Þar er kveðið á um að hver eignahluti sé sérstök fasteign og að hann samanstandi ávallt af séreign og sameign og eftir atvikum sameign sumra. Hugtökin séreign, sameign og sameign sumra eru skilgreind á eftirfarandi hátt í lögunum:

Séreign er afmarkaður hluti af húsi eða lóð eins og honum er lýst í þinglýstri eignaskiptayfirlýsingu, skiptasamningi og/ eða öðrum þinglýstum heimildum um húsið, ásamt því sem honum fylgir sérstaklega.

Sameign allra eigenda eru allir þeir hlutar húss, bæði að innan og utan, og lóðar sem ekki eru ótvírætt í séreign svo og öll kerfi, tækjabúnaður, lagnir og tilfæringar sem þjóna aðallega þörfum heildarinnar eða hluta hennar með þeim hætti að sanngjarnt og eðlilegt sé að allir eigendur eða eftir atvikum tiltekinn hópur þeirra beri kostnað og áhættu af þeim.

Sameign sumra eigenda er um að ræða þegar: Það kemur fram eða má ráða af þinglýstum heimildum að svo sé. Einnig þegar lega sameignar eða afnot hennar eða

möguleikar til afnota eru með þeim hætti að sanngjarnt og eðlilegt er að hún tilheyri aðeins þeim sem hafa aðgang að henni og afnotamöguleika.

Hverri séreign fylgir hlutdeild í sameign allra eigenda og sameign sumra eigenda eftir ákveðinni hlutfallstölu sem er reiknuð út frá flatarmáli og rúmmáli rýmis. Hlutfallstala skiptir máli í ýmsu sambandi. Það er meginregla að sameiginlegur kostnaður skiptist eftir hlutfallstöllum. Tekjur af sameign skiptast eftir hlutfallstöllum. Við atkvæðagreiðslur á húsfélagsfundum og við sameiginlega ákvarðanatöku fer vægi atkvæða eftir hlutfallstöllum, ýmist eingöngu eða einnig.

Í lögunum er svo að finna ítarleg ákvæði um eignaskiptayfirlýsingar, réttindi og skyldur eigenda í fjöleignahúsi, ákvarðanatöku í húsfélagi og skyldu til greiðslu á sameiginlegum kostnaði. Að lokum skal þess getið að komi upp sú staða að eigendur deili um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögunum, geta þeir, einn eða fleiri, leitað til kærunefndar fjöleignahúsamála og óskað eftir álitsgerð um ágreiningsefnið. Úrskurður nefndarinnar er fullnaðarúrskurður.

1.2 Tölfræði

Landskrá fasteigna	Tegund	Fjöldi 31.12. 2004
Stofnhluti	Fjöldi fasteigna	160.791
	Fjöldi nýrra fasteigna	13.307
Þinglýsingahluti	Fjöldi þinglýstra skjala	140.227
	Fjöldi þinglýstra eignarheimildaskjala	37.247
	Fjöldi þinglýstra veðskjala	61.561
	Meðalafgreiðslutími	2 dagar

Mynd 2. Yfirlit yfir skráningarupplýsingar.

1.3 Fasteignaskráning og fasteignarhugtakið

1.3.1 Fasteignarhugtakið⁴

Fræðileg skilgreining hugtaksins fasteign í eignarrétti er eftirfarandi og kemur hún einnig fram í lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001:⁵

Fasteign er afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt.

Í lögum um fasteignakaup nr. 40/2002 er hugtakið fasteign skilgreint svo:⁶

Fasteign samkvæmt lögum þessum telst vera afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki, sem varanlega er við landið skeytt. Með fasteign er einnig átt við eignarhluta í húsi eða öðru mannvirki, sem skiptist í fleiri en einn slíkan.

Í þéttbýli á Íslandi er algengast að lóðir séu í eigu sveitarfélags og leigðar til lengri tíma, t.d. í 50 – 75 ár. Lóðarhafinn hefur alveg sama ráðstöfunarrétt og um eignarlóð væri að ræða. Hann getur byggt hús, veðsett og selt fasteignina. Jafnframt er algengt að sumarhúsalóðir séu í eigu jarðareigandans. Þær eru stofnaðar sem nýjar fasteignir með stofnskjali og síðan leigðar út til þeirra sem vilja byggja sumarhús. Leigutími sumarbústaðalóða er oftast styttri en íbúðarhúsalóða í þéttbýli, en leigusamningar til 25-50 ára eru algengir. Sumarhúseigandi getur haft sama ráðstöfunarrétt á leigulóð eins og um eignarlóð væri að ræða eða takmarkaðan ráðstöfunarrétt, s.s. bann við að selja sumarhús ásamt leigulóðarréttindum, allt eftir efni leigulóðarsamnings hverju sinni.

Það hefur verið unnið að því á undanförunum árum að skilgreina eignamörk jarða inn á hálandið en um þau hefur ríkt óvissa. Sérstök nefnd, óbyggðanefnd, úrskurðar um hvar eignamörkin skuli liggja en áður hafa fjármálaráðherra, f.h. ríkisins, og jarðeigendur

lýst kröfum sínum. Hægt er að skjóta niðurstöðu óbyggðanefndar til dómstóla. Þar sem eignamörkum jarða sleppir tekur við land sem kallast þjóðlenda en það er skilgreint í lögum sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“⁷ Fyrirhugað er að þjóðlendur verði skráðar í Landskrá fasteigna.⁸

Í lögum er ekki að finna skilgreiningar á því hversu langt niður í jörð eignarréttur yfir fasteign nær og ekki heldur hversu langt ofanjarðar, en gengið út frá því að hann nái svo langt sem nýtanlegt er svo framarlega sem ekki koma fram sérstakar takmarkanir í lögum.

1.3.2 Skráning fasteigna

Um skráningu fasteigna segir í lögum um skráningu og mat fasteigna:⁹

Fasteignir, hluta þeirra og einstök mannvirki skal skrá sem sérstakar eindir í Landskrá fasteigna svo sem hér segir:

- land, þ.e. hver sá skiki lands sem vegna sérgreinds eignar- eða afnotaréttar, hagnýtingar, auðkenna eða landamerkjia getur talist sjálfstæð eind,*
- mannvirki sem gert hefur verið í landi eða á eða verið við það tengt,*
- séreignarhlutar í fjöleignahúsum samkvæmt lögum um fjöleignahús.*
- hlutar mannvirkja ef um sérstaka notkun þeirra er að ræða,*
- ræktun,*
- hlunnindi,*
- önnur réttindi tengd fasteignum.*

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið nánari skráningu samkvæmt framansögðu og að skrá skuli fleiri eindir fasteigna en þær sem taldar eru í 2. mgr.

Hugmyndafræði Landskrár fasteigna lýtur m.a. að því það sé samræmi í öllum hlutum skrárinnar um hvað telst vera sjálfstæð fasteign sem einnig er eitt veðandlag.

⁴ Sjá nánar grein Viðars Más Matthíassonar, „Fasteignarhugtakið“, *Árskýrsla 2003, Fasteignamat ríkisins*.

⁵ Lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, 3. gr.

⁶ Lög um fasteignakaup, nr. 40/2002, 2. gr.

⁷ Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlenda, þjóðlenda og afrétta nr. 58/1998.

⁸ Sjá nánar grein Gunnars F. Guðmundssonar, „Afréttareign í sögu og samtíð“, *Árskýrsla 2001, Fasteignamat ríkisins*.

⁹ Lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, 3. gr.

Landskrá fasteigna	Skráningareining	Skráningarandlag
Stofnhluti	Fasteign	Fasteignanúmer, sem getur verið landnúmer, heitinúmer eða fastanúmer (sjá síðar)
Þinglýsingahluti	Fasteign	Óbyggt land Eignarlóð eða leigulóð Eignarlóð með mannvirki Leigulóð með mannvirki Tilgreind lóðarréttindi ásamt eignarhluta í fjöleignahúsi
Matshluti	Matseining	Hluti fasteignar, t.d. einbýlishús, bílskúr, íbúð, landið
Mannvirkjahluti	Rými	Rými er minnsta skráða einingin og er sérskráð vegna sérstaks eignarhalds, notkunar eða flokkunar. Rými er ávallt hluti fasteignar.

Mynd 3. Skráningareiningar í mismunandi hlutum Landskrár fasteigna.

1.4 Skráning réttinda

Réttindi eru einungis skráð í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna. Í hinum hlutum skrárinnar er hins vegar að finna upplýsingar sem skráðar eru vegna opinberra hagsmuna.

Þinglýsingahlutinn geymir upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og annað er þinglýsingabók heldur. Þinglýsingahlutinn er undir forræði dómsmálaráðherra og um þann hluta gilda ákvæði þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Með þinglýsingu eru skráðar beinar og óbeinar eignarheimildir yfir fasteignum. Með beinum eignarheimildum er t.d. átt við afsal fasteignar. Óbein eignarheimild er t.d. veðskuldabréf sem þinglýst er á fasteignina og kvaðir. Þá geta þinglýst skjöl falið í sér ýmis konar kvaðir og yfirlýsingar og skal efni þeirra lýst í meginatriðum. Þetta getur verið réttur, ýmiskonar afnotaréttur og þess háttar. Þinglýst takmörkuð eignaréttindi í fasteign geta t.d. verið:

- Kvaðir
- Leiguréttindi

- Önnur afnotaréttindi
- Veðréttindi
- Aðfararéttindi
- Forkaupsréttur
- Kaupréttur

Það heyrir til undantekninga að opinberum kvöðum, s.s. vegna náttúruverndar, sé þinglýst og koma slíkar kvaðir jafnan fram í lóðarleigusamningum. Í lóðarleigusamningum vegna íbúðarhúsnæðis í þéttbýli er jafnan áskilinn réttur til handa lóðareigandanum, sem oftast er sveitarfélagið að leggja vatnslagnir, símalagnir, raflagnir og skólplagnir. Lóðarleigusamningum er nær ávallt þinglýst.

Í löggjöf er sums staðar að finna lagaákvæði sem skyldar eiganda fasteignar að þola umferð annarra yfir land hans og jafnvel framkvæmdir gegn greiðslu bóta samkvæmt samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag um greiðslu bóta getur sá sem krefst afnota landsins krafist eignarnáms. Dæmi um þetta er að finna í orkulögum,¹⁰ lögum um póst og fjarskipti¹¹ og í vegalögum.¹²

¹⁰ Orkulög, nr. 65/2003.

¹¹ Lög um póst og fjarskipti, nr. 81/2003.

¹² Vegalög, nr. 45/1994.

2 Landskrá fasteigna

2.1 Yfirlit

Hér á landi er ein miðlæg opinber skrá yfir fasteignir sem bæði ríki og sveitarfélög skrá upplýsingar í og nota. Markmið með stofnun Landskrár fasteigna var að sameina nokkrar opinberar skrár um fasteignir sem nokkur stjórnvöld héldu og að samræma upplýsingar um fasteignir. Leiðarljósið er: „Ein skrá fyrir mörg stjórnvöld.“ Skráning í Landskrá fasteigna fer fram hjá byggingafulltrúum sveitarfélaga, en sveitarfélög á Íslandi eru nú um 100 talsins, hjá starfsstöðvum Fasteignamats ríkisins, sem eru fimm talsins, og hjá sýslumannsembættum, en þau eru 26 talsins.

Í Landskrá fasteigna eru einungis skráðar fasteignir sem eru í eigu einstaklinga eða lögaðila. Flestar opinberar fasteignir eru skráðar en undantekningar eru þó á því. Opinberir vegir, götur eða torg eru t.d. ekki skráð og ekki heldur þjóðgarðar. Þá eru þjóðlendur ekki enn skráðar, en þjóðlenda er landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Þjóðlendur eru staðsettar á miðhálandi landsins og taka þær við þar sem eignamörkum einstakra jarða sleppir.

Landskrá fasteigna inniheldur ekki landakort. Sífelld fleiri sveitarfélög halda landupplýsingakerfi yfir þéttbýlið í þeirra umdæmi. Upplýsingar um skipulag er ekki að finna í Landskrá fasteigna. Þær upplýsingar liggja hjá sveitarfélögunum og einnig safnar Skipulagsstofnun þeim saman. Skipulag skiptist í svæðaskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

2.2 Uppbygging Landskrár fasteigna

Landskrá fasteigna er, eins og áður segir, mynduð af fjórum hlutum sem hver um sig ber sérstakt heiti og hefur að geyma mismunandi upplýsingar.

Stofnhluti

Þessi hluti hefur að geyma upplýsingar um heiti eigna, s.s. götuheiti og númer, og auðkennisnúmer þeirra. Stofnhluti er sameiginlegur öllum skráningaraðilum, þ.e. byggingafulltrúum, Fasteignamati ríkisins og embættum sýslumanna, og verður grunnupplýsingum ekki breytt nema með atbeina þeirra allra.

Mannvirkjahluti

Þessi hluti hefur að geyma upplýsingar um byggingafræðileg atriði mannvirkja, svo sem byggingarefni, byggingarár, stærð mannvirkisins í fermetrum og rúmmetrum og fjölda hæða og herbergja. Þessar upplýsingar eru forskráðar af byggingafulltrúum sveitarfélaga og byggingafulltrúarnir bera ábyrgð á því að þær upplýsingar séu efnislega réttar.

Ef Fasteignamat ríkisins fær upplýsingar frá t.d. fasteignaeiganda um að skráningarupplýsingar um tiltekna fasteign séu ekki réttar þá hefur stofnunin heimild til að láta endurskoða þær skráningarupplýsingar en það gerist ávallt í samráði við það sveitarfélag sem í hlut á.

Matshluti

Þessi hluti lýsir ástandi og gæðum byggingar. Byggt er á skoðun matsmanns og hefur þessi hluti að geyma upplýsingar um fasteignamat og brunabótamat. Fasteignamat skal endurspegla markaðsverð fasteignar og er stofn til álagningar fasteignagjalda sveitarfélaga og eignarskatts ríkisins. Brunabótamat er vátryggingarfjárhæð brunatryggingar húseigna, en sú trygging er lögboðin á Íslandi. Brunabótamat skal taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.

Þann 31. desember ár hvert gefur Fasteignamat ríkisins út nýtt fasteignamat allra

fasteigna, sem hefur verið uppfært miðað við breytingu á kaupverði fasteigna á einu ári, þ.e. frá nóvembermánuði fyrra árs til nóvembermánaðar sama árs.

Þinglýsingahluti

Í kjölfar stofnunar Landskrár fasteigna var öllum sýslumannsembættum gert að skrá upplýsingar úr þinglýsingabókum í þinglýsingahluta hennar. Hjá þremur embættum af 26 voru þinglýsingar þegar haldnar í tölvukerfi. Áætlað var að yfirfærsla upplýsinganna tæki fjögur ár, þ.e. frá 2001 til 2004. Í lok ársins 2004 var um 84% upplýsinganna að finna í Landskrá fasteigna og verður það að teljast góður

árangur. Komið hafði í ljós að misræmi á milli upplýsinga í þinglýsingabók og fyrirbyggjandi fasteignaskrár var meira en ráð hafði verið gert fyrir. Unnið er að því að leysa úr málum og eyða því misræmi.

Þinglýsingahlutinn geymir upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og annað er þinglýsingabók heldur. Þinglýsingahlutinn er undir forræði dómsmálaráðherra og um þann hluta gilda ákvæði þinglýsingalaga nr. 39/1978. Með þinglýsingu eru skráðar beinar og óbeinar eignarheimildir yfir fasteignum. Til þinglýsingahluta tilheyrir dagbók en í hana eru öll móttekin skjöl strax skráð.

2.2.1 Upplýsingar í Landskrá fasteigna

<i>Upplýsingaflokkur og hvar skráð í Landskrá fasteigna</i>	<i>Uppruni upplýsinganna</i>	<i>Upplýsingaatriði</i>
Greinitölur Stofnhluti	Sveitarfélag	<ul style="list-style-type: none"> - landnúmer - fastanúmer - matseininganúmer - heitinúmer - eignarhaldsnúmer - matshlutanúmer - lóðarnúmer - sveitarfélaganúmer - byggðarnúmer
Heimilisföng Stofnhluti	Sveitarfélag	<ul style="list-style-type: none"> - götuheiti - húsnumér - póstnúmer - sveitarfélag
Lóðir Stofnhluti	Sveitarfélag	<ul style="list-style-type: none"> - greinitölur - heiti - stærð

(Framhald á töflu á næstu síðu)

<p>Mannvirki</p> <p>Mannvirkjahluti</p>	<p>Sveitarfélag Eigandi Fasteignamat ríkisins</p>	<ul style="list-style-type: none"> - greinitölur - heiti - stærð - tegund - staðsetning - lýsing - byggingarstig - efni - byggingarár - fjöldi hæða - fjöldi herbergja - skattflokkur - eignarhlutfall í lóð - tryggingafélag - skoðunardagsetning - ljósmyndir
<p>Matsupplýsingar</p> <p>Matshluti</p>	<p>Fasteignamat ríkisins</p>	<ul style="list-style-type: none"> - endurstofnverð - afskrifað endurstofnverð - fasteignamat húss - fasteignamat lóðar - heildarfasteignamat - brunabótamat
<p>Eigendur</p> <p>Þinglýsingahluti</p>	<p>Sýslumaður</p>	<ul style="list-style-type: none"> - eigandi - eignarhluti - kennitala - heimilisfang - dagsetning eignarheimildaskjals
<p>Þinglýst skjöl</p> <p>Þinglýsingahluti</p>	<p>Sýslumaður Fasteignamat ríkisins</p>	<ul style="list-style-type: none"> - eignarheimildaskjöl - skuldabréf - tryggingarbréf - yfirlýsingar - skipulagsupprættir - ábúandi - umráðandi

Mynd 4. Skráningarupplýsingar í Landskrá fasteigna.

2.2.2 Gæði skráningarupplýsinga í Landskrá fasteigna

Eftir því sem upplýsingar úr Landskrá fasteigna eru aðgengilegri verður eftirlit af hálfu notendanna á réttleika upplýsinganna í skránni meira. Öllum fasteignaeigendum er send tilkynning um nýtt fasteignamat og

brunabótamat fasteigna þeirra í upphafi hvers árs og þar koma fram grundvallar skráningarupplýsingar. Þar er fasteignaeigendum leiðbeint um að yfirfara upplýsingar og snúa sér til sveitarfélagsins reynist þær ekki réttar.

Meginstyrkleiki Landskrár fasteigna er samræmi þeirra upplýsinga sem þar er að finna. Nú stendur yfir innfærsla upplýsinga

úr þinglýsingabókum sýslumanna í Landskrá, en þinglýsingabækur er síðasta og jafnframt ein umfangsmesta skrá ríkisins sem færð er í tölvukerfi. Fasteignanúmer er að festa sig í sessi sem aðalauðkenni fasteignar, en hægt er að nálgast það í gegnum gjaldfrjálsan aðgang á heimasíðu Fasteignamats ríkisins og er sú leið mikilvæg til þess að breiða út notkun þess. Fasteignanúmer kemur fram á öllum kaupsamningum og afsölum og í auknum mæli á veðskuldabréfum og öðrum skjölum er koma til þinglýsinga.

Við innfærslu upplýsinga úr þinglýsingabókum í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna hefur komið í ljós misræmi milli bókanna og fyrirliggjandi upplýsinga Fast-

eignamats ríkisins um einstakar eignir. Þessar fasteignir verða ekki endanlega skráðar í þinglýsingahlutann fyrr en misræminu hefur verið eytt, en það krefst í mörgum tilvikum aðgerða og samvinnu byggingafulltrúa sveitarfélaga, Fasteignamats ríkisins og sýslumanna. Það mun því taka nokkurn tíma að leysa úr öllu misræmi.

Í Landskrá fasteigna er ekki kortagrunnur og verður það að teljast veikleiki eða takmörkun skráarinnar. Samið hefur verið frumvarp um myndun landeignaskrár á landupplýsingagrunni og er það frumvarp til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu. Upplýsingar um landamerki og lóðamörk eru því ekki í Landskrá fasteigna heldur aðeins á pappír.

2.2.3 Sýnishorn af skjámyndum og vottorðum

Til skýringar koma hér nokkrar skjámyndir og vottorð úr Landskrá fasteigna.

Fasteignir

Tilraunagata 23
Tilraunasveit

Fasteignamat alls: **18.400**
Fermetrar alls: **200.0**
Fjöldi eigna: **1**
Brunabótamat alls: **21.241**

Heitinúmer: **109-9347** Greinitala: **9000-01 00000020** Landnúmer: **186482**

Fastanr	Mhl	Aukaheiti	Notkun	B-stig	Stærð	Hús-mat	Lóð-mat	Mat alls	Brunab.mat
Kennitala	Nafn			E-teg	Eig%	Heim	Eignr	Tilvísun	KaupDags
									SkránDags
224-8631 01	0101	Einbýli		7	200,0m ²	13.495	4.905	18.400	21.241
161046-6559	Örn	Ingvartson		E	100,0000	01	001	308367	07/09/2003

Skóða þána | Vottorð | Beiðni | Lóð | Tilbaka

Mynd 5. Skjámynd úr innanhúss upplýsingakerfi Fasteignamats ríkisins í Landskrá fasteigna sem veitir upplýsingar um eigendur, stærð og matsupphæðir fasteignar.

FASTEIGNASKRÁNING Á ÍSLANDI

2248631 - Nákvæm mynd fasteigna
✕

Tilraunagata 23

Tilraunasveit **Einbýli**

Tegund: K Staða.: í notkun **Skráningartafla:** Já

Est	14.925	Brunabótamat
Æst	14.408	21.241
Húsmat	13.495	Mat 31/12/2002
Lhlmát	4.905	18.400 R

Einkenni

Landnr **Eining**
186482 01 0101

Fastanúmer **Heitinn**
224-8631 109-9347

Matsnúmer
224-8631

Greinitölur
9000-01 00000020
00000020

Lýsing

Byggstig **7**

Byggjár **2000**

Efni: **Steypt**

Notkun: **301**

Fj.hæða: **1**

Kóðar

Skattflokkur: **A**

Gerð.....: **1**

Landréttindi : **0**

Fasteignamat

Endurst.verð: **14.925**

Álagn.stofn.: **13.495**

Húsmat.....: **13.495**

Lóðarmat.....: **4.905**

Afskrifað est: **14.408**

Brunabótamat

Mat.....: **21.241**

Dags...:

Uppruni: **FMR**

Tryggfél: **Óþekkt trf**

Dagsetningar

Síðast breytt
31/12/2002 13:27

Skoðað **Heimild**
28/09/2001 101

Stærðir matshluta

200, m²
640 m²

Stærðir séreignar

200, m²
600 m²

Lóðarstærð: 1000,0m² **Lóðarprósenta:** 100,0000 **Staðsett :**

Matshluti: 01 **Sameignarflatarmál:** m² **Matshlutaprósenta:** 100,0000

Mhl	Ein	Notkun	Bygg.stig	Flatarmál	Rúmmál	Matshl.	
01	01	01	Einbýli	Fullg. notaein.	200,0	600,0	100,0000

Birta loftmynd

Prenta

Til baka

Mynd 6. Skjámynd úr upplýsingakerfi Fasteignamats ríkisins í Landskrá fasteigna yfir fasteign með nánari upplýsingum.

FMR

Rekstrarfrétt, 02.11.2000

Matsvottorð Síða 1

Með afhéttinu eignin er afhjúpuð.

Landnr	Eining	Notkun	Bygg.stig	Flatarmál	Rúmmál	Matshl.
186482	01 0101	Einbýli	7	200,0	600,0	100,0000

Skráningartafla: 109-9347
 Matshluti: 01
 Sameignarflatarmál: m²
 Matshlutaprósenta: 100,0000

NÁK 1007
FASTEIGNAMAT RÍKISINS
www.fmr.is

Mynd 7. Matsvottorð útféið af Fasteignamati ríkisins.

Fasteignamat ríkisins
PINGLÝSINGARVOTTORÐ
Síða: 1 af 1
Prentað: 02.11.2000 02:39

Tilraunagata 23, Tilraunabyggð

Notkunarflokkur	Landnr	Eining	Notkun	Bygg.stig	Flatarmál	Rúmmál	Matshl.
301	186482	01 0101	Einbýli	7	200,0	600,0	100,0000

Væðing

Sl. númer	Upphaf	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð
1	1990-01-01	100,0000	100,0000	100,0000	100,0000	100,0000	100,0000

Stærðir

Stærð	Stærð	Stærð	Stærð
200,0000	640,0000	200,0000	600,0000


Skatt

Skatt	Skatt
100,0000	100,0000

Stærðir

Stærð	Stærð
200,0000	600,0000

Mynd 8. Pinglýsingarvottorð útféið af embætti sýslumanns.




Mynd 9. Skjámynd úr þinglýsingakerfi Landskrár fasteigna.

2.3 Auðkenni fasteigna

Núverandi auðkenni fasteigna voru tekin upp þegar nýtt skráningarkerfi var tekið í notkun hjá Fasteignamati ríkisins árið 1994.

Hver fasteign í Landskrá fasteigna hefur fasteignanúmer. Númerið er hlauðandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar. Þar sem engar upplýsingar eru tengdar við fasteignanúmerið breytist það ekki t. d. við sameiningu sveitarfélaga.

Fasteignanúmer er samheiti og getur ýmist verið landnúmer, heitinúmer eða fastanúmer. Það fer eftir stöðu fasteignar hvert fasteignanúmer hennar er hverju sinni.



Mynd 10. Fasteignanúmer.

Allt sérgreint og afmarkað land ber landnúmer sem er auðkenni landskika í Landskrá fasteigna. Landnúmer er sex stafa tala og er fasteignanúmer óbyggðs lands. Við skiptingu lands fær nýja lóðin nýtt landnúmer en gamla landnúmerið fylgir hlutanum sem hún er tekin af.

Öll heiti lóða, jarða og húseigna eru skráð. Þegar heiti er skráð er það tengt lóðinni sem það á við. Heitin eru annaðhvort götuheiti og húsnúmer eða sérheiti. Heiti er bundið ákveðinni lóð og ekki er hægt að nota það fyrir fasteignir á annarri lóð. Auðkennisnúmer heitis er 7 stafa númer á bilinu 1000000 – 1999999. Heitinúmer er sjaldan notað sem fasteignanúmer. Frekar eru notuð landnúmer eða fastanúmer. Eins og áður segir eru engar upplýsingar fólgnar í númerinu sjálfu, svo sem um stafrófsröð eða þess háttar.

Mannvirki hefur fastanúmer, t.d. einbýlishús á lóð og er minnsta eining sem getur staðið sem sjálfstætt veðandlag. Fastanúmer er 7 stafa og liggur á bilinu 2000000 – 9999999 og er sett á hvert mannvirki. Þegar lóð hefur mannvirki þá verður fastanúmer þess aðalauðkennisnúmer fasteignarinnar. Einbýlishús með lóðarréttindum hefur því eitt ákveðið fastanúmer.

Af ýmsum ástæðum er nauðsynlegt að skrá og meta sérstaklega hluta fasteignar og er hann þá skráður sem matseining með ákveðið matsnúmer. Segja má að þær matseiningar sem standa saman sem ein fasteign séu í einni fjölskyldu. Aðalauðkenni matseiningarinnar er einkvæmt raðnúmer, svokallað matsnúmer. Fastanúmer fasteignarinnar (hér íbúðarhúss, bílskúrs og lóðar) er matsnúmer aðalmatseiningarinnar í fjölskyldunni, þ.e. í þessu dæmi – íbúðarhússins.

Fastanúmer og matsnúmer tengjast ávallt ákveðnu landnúmeri, þ.e. ákveðinni lóð.

Sveitarfélagsnúmer er skráð í sérstaka töflu í Landskrá fasteigna og einnig númer byggðar innan sveitarfélags.

2.4 Hliðarskrár

Kaupskrá

Fasteignamat ríkisins fær afrit frá sýslumannsembættunum af öllum þinglýstum kaupsamningum og skráir upplýsingar úr þeim í kaupskrá. Þar eru skráðar eftirfarandi upplýsingar:

- dagsetning kaupsamnings
- kaupverð fasteignar og greiðsluskilmálar

Reiknað er út staðgreiðsluverð fasteignarinnar, sem fasteignamat á að endurspegla. Markmiðið með kaupskrá er ekki að varðveita upplýsingar um ákveðna kaupsamninga heldur að mynda gagnasafn til tölfræðilegrar úrvinnslu. Þar er annars vegar um að ræða þróun tölfræðilíkans til ákvörðunar fasteignamats og hins vegar framleiðsla samþættra upplýsinga um fasteignamarkaðinn, s.s. um þróun íbúðarverðs og veltu. Upplýsingar eru reglulega birtar í dagblöðum, á heimasíðu stofnunarinnar og í ársskýrslu.

Þjóðskrá

Þjóðskrá, sem haldin er af Hagstofu Íslands, er tengd við Landskrá fasteigna í gegnum kennitölur einstaklinga. Þaðan koma upplýsingar um lögheimili þeirra ásamt póstnúmerum. Þjóðskráin tekur m.a. við tilkynningum um andlát einstaklinga og kemur sérstök merking í Landskrá fasteigna ef skráður eigandi fasteignar er látinn. Breytingar á þjóðskrá eru færðar vélrænt í Landskrá fasteigna á hverri nóttu.

Fyrirtækjaskrá

Fyrirtækjaskrá, sem haldin er af embætti ríkisskattstjóra, er tengd við Landskrá fasteigna í gegnum kennitölur fyrirtækja. Þaðan koma upplýsingar um aðsetur fyrirtækis ásamt póstnúmeri. Breytingar á fyrirtækjaskrá eru færðar vélrænt í Landskrá fasteigna á hverri nóttu.

3 Skráningarferlar

Landskrá fasteigna er miðlægt gagna- og upplýsingakerfi þar sem sveitarfélög, Fasteignamat ríkisins og sýslumenn skrá upplýsingar um fasteignir. Hér verður hlutverki hvers skráningaraðila lýst í almennri umfjöllun

og síðan með tilliti til nokkurra ákveðinna verkefna.

Gerð verður grein fyrir því hvernig ný fasteign er stofnuð í Landskrá fasteigna, kaupum á fasteign lýst og þá annars vegar með veðsetningu láns og hins vegar án veðsetningar og aðkomu fasteignasala og að lokum er gerð grein fyrir því hvernig lántaka með veði í fasteign gengur fyrir sig. Þá koma fram upplýsingar um kostnað bæði vegna opinberra gjalda og sérfræðiaðstoðar.

3.1 Hlutverk skráningaráðila

Sveitarfélög

Sveitarfélög heyra undir félagsmálaráðuneytið. Hvert sveitarfélag ber ábyrgð á að Fasteignamat ríkisins berist upplýsingar um lönd og löðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í sveitarfélaginu og um breytingar á þeim og eyðingu þeirra. Byggingafulltrúa viðkomandi sveitarfélags er falin upplýsingagjöf um fyrrgreind atriði. Flestir byggingafulltrúar eru beinlínutengdir við Landskrá fasteigna og afhenda fyrrgreindar upplýsingar með forskráningu þeirra. Þeim byggingafulltrúum fer fækkandi sem skila upplýsingunum til stofnunarinnar enn á pappír. Þegar svo er fer skráning þeirra upplýsinga fram hjá Fasteignamati ríkisins.

Sveitarfélög taka ákvörðun um heiti fasteignar í þéttbýli og sækja auðkennisnúmer fasteignarinnar í Landskrá fasteigna, en það er hlaupandi raðnúmer sem engar upplýsingar eru tengdar við.

Byggingafulltrúar eru ábyrgir fyrir að upplýsingar séu efnislega réttar. Ekki eru fyrir hendi neinar reglur um mistök við skráningu upplýsinga í Landskrá fasteigna. Um það gilda því almennar reglur skaðabótalaga.

Fasteignamat ríkisins

Fasteignamat ríkisins heyrir undir fjármálaráðuneytið. Stofnunin heldur og rekur Landskrá fasteigna, hefur forgöngu um þróun

kerfisins, stendur að gerð verklagsreglna og leiðbeininga til skráningaráðila, sér um þjálfun þeirra og veitir þeim þjónustu. Stofnunin ber ábyrgð á tæknilegum lausnum kerfisins og öryggi þess og vinnur að innleiðingu öryggisstaðlanna ÍST ISO/IEC 17799/ÍST BS 7799-2: 1999.

Fasteignamat ríkisins kveður á um form, efni og tímasetningu upplýsingagjafar sveitarfélaga um fasteignir. Það er á ábyrgð stofnunarinnar að nýjustu upplýsingar um fasteignir sem tiltækar eru séu skráðar og hefur hún falið byggingafulltrúum að skila upplýsingum á því formi að forskrá beint í kerfið.

Jafnframt ber stofnunin ábyrgð á því að allar nýjar eða breyttar eignir, sem upplýsingar berast um skuli metnar fasteignamati innan tveggja mánaða frá því að upplýsingar um þær bárust stofnuninni. Ákvörðun um fasteignamat er stjórnvaldsákvörðun og er kæránleg til æðra stjórnvalds.

Fasteignamat gefur út fasteignaskrá 31. desember ár hvert og birtir þar uppfært fasteignamat miðað við breytingu fasteignaverðs frá útgáfu síðustu skrár. Fasteignamat miðað við 31. desember er gjaldstofn fasteignagjalda sveitarfélaga á nýju ári.

Þá er það hlutverk stofnunarinnar að meta húseignir brunabótamati þegar byggingu þeirra er fulllokið eða þegar þær hafa verið teknar í notkun, en samkvæmt íslenskum lögum er skylt að brunatryggja allar húseignir og er brunabótamat váttryggingarfjárhæðin. Brunabótamat hverrar húseignar er skráð í Landskrá fasteigna. Ákvörðun um brunabótamat er stjórnvaldsákvörðun og kæránleg til æðra stjórnvalds.

Ef Fasteignamat ríkisins fær upplýsingar um að skráningarupplýsingar um tiltekna fasteign séu ekki réttar í Landskrá fasteigna, t.d. frá eiganda eða starfsmenn stofnunarinnar komast að raun um það, þá hefur stofnunin heimild til þess að láta endurskoða þær upplýsingar og er það ávallt gert í samráði við viðkomandi sveitarfélag.

Sýslumannsembætti

Sýslumenn heyra undir dómsmálaráðuneyti. Þeir fara með stjórnýslu ríkisins, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir segja til um hverju sinni. Sýslumenn skulu vera löglærðir. Þeir fara með innheimtu opinberra gjalda, aðfarir og nauðungarsölur, skipti á dánarbúum, skilnaðarmál, lögreglustjórn og tollstjórn. Þinglýsingar fara jafnframt fram á embættum sýslumanna.

Fram til ársins 1992 voru þinglýsingar dómsathöfn og voru á hendi sýslumanna sem voru jafnframt héraðsdómarar í umdæmum sínum. Frá og með 1992 eru þinglýsingar stjórnýsluathöfn og eru kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Einnig er hægt að bera ákvörðun um þinglýsingu undir dómstóla.

Þinglýsing fer fram á grundvelli skjals sem kemur til þinglýsingar og í umdæmi þess sýslumannsembættis þar sem fasteignin er staðsett. Ef skjalið tekur til stofnunar fasteignar þá hefur byggingafulltrúi forskráð upplýsingar um hina nýju fasteign í Landskrá fasteigna, s.s. um heiti hennar og auðkennisnúmer. Þinglýsingastjóri ber þá saman hinar forskráðu upplýsingar og efni skjalsins og þinglýsir því að öllum skilyrðum fullnægðum. Þá er hin nýja eign formlega stofnuð í Landskrá fasteigna.

Meginreglan er sú að ekki er skylda að þinglýsa samningum eða skjölum. Undantekningar eru frá því, t.d. er skylt að þinglýsa stofnskjölum og eignaskiptayfirlýsingum en með þeim eru nýjar fasteignir stofnaðar. Aftur á móti er ekki skylt að þinglýsa kaupsamningum og afsölum en í reynd er þeim nær öllum þinglýst.

Ekki er skylda að leita til fagaðila um að gefa út skjöl sem skal þinglýst. Í reynd eru það í langflestum tilvikum fasteignasalar og lögmenn sem útbúa kaupsamninga og afsöl fasteigna, en þó þekkist það vel að

seljandi og kaupandi sjái sjálfir um skjalagerð. Veðskuldabréf eru að jafnaði gefin út af lánastofnunum. Skjöl til þinglýsingar skulu afhendast í tvíriti og þarf annað þeirra að vera á löggiltum skjalapappír og verður það eintak eftir hjá sýslumannsembættinu. Hitt eintakið er stimplað til að votta um þinglýsinguna að henni lokinni og afhendist rétthafa.

Þann dag sem skjal kemur til þinglýsingar er það fært í dagbók og hefur forgangsáhrif frá þeim degi þrátt fyrir að þinglýsingin sjálf kunni að fara fram síðar. Í flestum tilvikum tekur þinglýsingin einungis tvo daga, en taka verður ákvörðun um hvort skjal sé tækt til þinglýsingar innan 14 daga frá móttöku þess.

3.2 Stofnun nýrrar fasteignar

Ný fasteign stofnast í fyrsta lagi þegar nýrri lóð er skipt úr landi og þarf þá að útbúa stofnskjál, í öðru lagi með samruna tveggja eða fleiri fasteigna og þarf þá að útbúa samrunaskjál. Í þriðja lagi stofnast ný fasteign þegar fjöleignahúsi er skipt í margar fasteignir og þarf þá að útbúa eignaskiptayfirlýsingu.

Ferli stofnunar nýrrar fasteignar við samruna er hinn sami og þegar lóð er skipt úr landi og skulu sömu efnislegu upplýsingar koma fram í samrunaskjalinu og krafist er í stofnskjali.


Ef skipta á fjöleignahúsi í marga eignahluta þá þarf að útbúa eignaskiptayfirlýsingu í samræmi við ákvæði fjöleignahúsalaga.¹³ Hver eignarhluti telst vera sérstök fasteign, ásamt því sem honum fylgir sérstaklega og eignarhluta í sameign. Í lögunum er mælt fyrir um hvernig eignaskiptayfirlýsing skuli vera úr garði gerð og aðeins þeir sem hafa leyfi frá félagsmálaráðuneytinu hafa heimild til að gera eignaskiptayfirlýsingu. Í eignaskiptayfirlýsingu skulu eftirfarandi atriði koma fram:

¹³ Lög um fjöleignahús, nr. 26/1994.

- Um hvaða fjöleignahús er að ræða.
- Almenn lýsing á húsinu, stærð og gerð.
- Lýsing á hverjum séreignarhluta, staðsetningu hans, bæði hæð og innan hæðar, stærð í fermetrum, fjöldi herbergja o.fl.
- Hlutfallstölur hvers séreignarhluta.
- Hvort séreignarhluta fylgi réttur til bílskúrs eða sérstakur réttur til ákveðins bílastæðis.
- Hvort séreignarhluta fylgi annars sérstakur réttur til byggingar ofan á eða við hús eða á lóð þess.
- Greinargóð lýsing á allri sameign hússins og sameiginlegum búnaði, bæði innan húss og utan, þar með talin lóð.

- Glögg skal greina ef tiltekið rými eða búnaður er í sameign sumra en ekki allra.

Eignaskiptayfirlýsingu skal fylgja teikning af fjöleignahúsinu og lóðaruppdráttur þar sem sýnd eru, eftir því sem frekast verið við komið, framantalin atriði. Gerð er krafa um að eignaskiptayfirlýsing sé staðfest af sveitarfélaginu. Sveitarfélagið forskráir síðan upplýsingar um hina nýju eignarhluta, hinar nýju fasteignir, og Fasteignamat ríkisins fer yfir þá skráningu, ákveður matsfjárhæðir og sendir síðan áfram í biðskrá sýslumanns. Þegar eignaskiptayfirlýsingin kemur til þinglýsingar sækir þinglýsingastjóri hinar forskráðu upplýsingar úr biðskránni, ber saman við yfirlýsinguna sjálfa og þinglýsir henni að öllum öðrum skilyrðum fullnægðum.



Mynd 11. Stofnun fasteignar.

1. Þegar ný fasteign er stofnuð við skiptingu lands er eiganda skylt að leita samþykkis hjá sveitarfélaginu.
2. Sveitarfélagið metur umsóknina með hliðsjón af skipulags- og byggingarlögum. Ef fallist er á umsókn er auðkennisnúmer (landnúmer) hinnar nýju fyrirhuguðu fasteignar tilgreint.
3. Að fengnu leyfi sveitarfélagsins er næsta skref eigandans, eða sérfræðings á hans vegum, að útbúa stofnskjál ásamt lóðaruppdrætti. Í stofnskjali þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:
 - heiti landeignar
 - landnúmer
 - landnúmer upprunals
 - afmörkun lóðar á uppdrætti, sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirvöldum
 - nafn og kennitala eiganda

Eiganda ber að óska staðfestingar sveitarfélagsins á lóðaruppdrættinum.

4. Sveitarfélag metur hvort lóðaruppdráttur skuli staðfestur.
5. Á grundvelli staðfests lóðaruppdráttis forskráir sveitarfélagið upplýsingar um hina nýju fasteign í Landskrá fasteigna. Jafnframt þarf að gæta þess að breyta stærð landsins sem hin nýja lóð er tekin úr, svokallaðs upprunals.
6. Fasteignamat ríkisins fer yfir hinar forskráðu upplýsingar og ákveður fasteignamat nýju lóðarinnar og upprunalsins.
7. Fasteignamat ríkisins sendir forskráðu upplýsingarnar í biðskrá sýslumanns.
8. Landeigandinn fer með stofnskjalið ásamt lóðaruppdrætti til þinglýsingar.
9. Þinglýsingastjórnin ber hinar forskráðu upplýsingar saman við efni skjalsins og þinglýsir því að öllum skilyrðum

og þinglýsir því að öllum skilyrðum fullnægðum. Ný fasteign er þá stofnuð í Landskrá fasteigna.

10. Eigandinn móttekur þinglýst stofnskjál.

Kostnaður

Hafi eigandi leitað til sérfræðings við gerð stofnskjals og lóðaruppdráttar er kostnaður fólgin í þjónustu hans auk þinglýsingargjalds.

Þóknun sérfræðingsins er á að giska um það bil 30.000 – 60.000 kr. og þinglýsingargjald er 1.350 kr. og rennur til ríkissjóðs.


3.3 Kaup og sala fasteignar í einföldustu mynd

Kaup og sala fasteignar getur farið fram beint á milli seljanda og kaupanda, en það eru einungis löggiltir fasteignasalar sem mega hafa milligöngu um kaup og sölu fasteigna í atvinnuskyni.¹⁴ Þeir sjá um skjalagerð og þar á meðal gerð kaupsamnings. Kaupsamningurinn er á stöðluðu formi sem útbúið hefur verið í samvinnu stjórnvalda og hagsmunaaðila og eru þeir eftirfarandi:

- Fasteignamat ríkisins
- Íbúðalánasjóður
- Félag fasteignasala
- Húseigendafélagið

Það er ekki skylt samkvæmt lögum að þinglýsa kaupsamningi eða afsali fasteignar, en í reynd er það nánast alltaf gert. Þinglýsing fer þá fram í þinglýsingahluta Landskrár fasteigna, sem að jafnaði tekur tvo daga, en skjál sem er móttakið til þinglýsingar er í fyrsta lagi afhent næsta dag.

¹⁴ 1. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004.



Mynd 12. Fasteignakaup í einföldustu mynd.

- Seljandi ákveður að selja fasteign sína og t.d. auglýsir hana sjálfur til sölu.
- Væntanlegur kaupandi óskar eftir að skoða eignina og í framhaldi af því ná seljandi og kaupandi samkomulagi um kaupverð.
- Kaupandinn greiðir kaupverðið.
- Seljandinn gefur út afsal og undirritar það.
- Kaupandinn undirritar afsal.
- Tvö vitni votta rétta undirritun og dag-


setningu.

- Kaupandinn fer með afsalið til þinglýsingar.
- Kaupandinn móttekur þinglýst afsal.

Kostnaður

Það er kaupandinn sem ber kostnað af þinglýsingu afsals. Þinglýsingargjald skjals er 1.350 kr. og stimpilgjöld eru 0,4% af fasteignamati fasteignarinnar.

3.4 Kaup og sala fasteignar með meiru



Mynd 13. Fasteignakaup fyrir milligöngu fasteignasala ásamt lántöku.

- I Kaupandinn ákveður að hann óski eftir að kaupa fasteign.
 - II Hann óskar eftir greiðslumati hjá lána- stofnun.
1. Seljandinn ákveður að hann vilji selja fasteign sína.
 2. Seljandinn leitar til fasteignasala og þeir gera samkomulag um söluverð eignarinnar, auglýsingar og söluskilmála. Það er skylda fasteignasala að aðstoða bæði seljanda og kaupanda og gæta hagsmuna þeirra beggja. Í ljósi þess er það ekki algengt að kaupandi hafi lögfræðing á sínum vegum til að gæta hagsmuna hans við fasteignakaup.
 3. Kaupandinn gerir samkomulag um skoðun fasteignar og ákveður að gera kauptilboð.
 4. Kaupandinn gerir kauptilboð með aðstoð fasteignasala og undirritar það.
 5. Seljandinn samþykkir kauptilboðið með undirritun sinni.
 6. Kaupandinn sækir um fasteignalán, en að jafnaði hefur hann fjögurra vikna frest til að borga fyrstu útborgun samkvæmt kauptilboði og undirrita kaupsamning.
 7. Lánastofnun samþykkir að veita bankalán eftir skoðun umsóknar, kauptilboðs, veðbókarvottorðs, vottorðs um fasteigna- og brunabótamat og fyrirliggjandi greiðslumats. Lánastofnun gefur út veðskuldabréf.

8. Kaupandi undirrita veðskuldabréfin og óskar eftir veðleyfi hjá seljanda fyrir veðsetningu skuldabréfanna á fasteignina.
9. Vitni votta rétta undirritun og dagsetningu skuldabréfa.
10. Seljandinn veitir veðleyfi.
11. Veðskuldabréf ásamt veðheimild er þinglýst að tilstuðlan kaupanda eða fasteignasala.
12. Fasteignasali útbýr kaupsamning er hann hefur fengið upplýsingar frá kaupanda um að hann hafi fyrstu útborgun til reiðu, sem er yfirleitt sú stærsta.
13. 14. og 15. Seljandinn og kaupandinn undirrita báðir kaupsamning og jafnframt er rétt undirskrift og dagsetning vottuð. Í langflestum tilvikum fer fyrsta útborgun jafnframt fram.
16. Að jafnaði sér fasteignasali um að fara með kaupsamninginn í þinglýsingu. Upplýsingar um skráningu kaupanda samkvæmt kaupsamningi í þinglýsingahluta flytjast yfir í stofnhluta Landskrár fasteigna.
17. Kaupandinn uppfyllir skilyrði kaupsamnings, oftast nær innan sex mánaða.
18. Fasteignasali útbýr afsal.
19. 20. og 21. Seljandinn og kaupandinn undirrita báðir afsal og jafnframt er rétt undirskrift og dagsetning vottuð. Lokagreiðsla og uppgjör á ýmsum gjöldum fer fram.
22. Að jafnaði sér fasteignasali um að fara með afsal í þinglýsingu. Upplýsingar um eigendaskipti samkvæmt afsali í þinglýsingahluta flytjast yfir í stofnhluta.
23. Kaupandi móttækur þinglýst afsal.

Kostnaður


Það er seljandinn sem ber kostnað af þóknun fasteignasala sem er allt að 2% af söluandvirði fasteignarinnar. Þá bætist við kostnaður vegna auglýsingar og öflun upplýsinga, s.s. veðbókarvottorðs og matsvottorðs. Ekki er um önnur gjöld að ræða sem falla á seljanda við sölu fasteignar nema ef við eiga reglur um sköttun söluávinninga.¹⁵

Kaupandinn greiðir kostnað vegna þinglýsingar kaupsamnings, en þinglýsingargjaldið er 1.350 kr. og stimpilgjald sem er 0,4% af fasteignamati eignarinnar. Kaupandinn greiðir einnig kostnað vegna þinglýsingar afsals, sem er eingöngu þinglýsingargjaldið ef kaupsamningi hefur áður verið þinglýst og stimpilgjald þá þegar greitt. Þá kemur það jafnframt í hlut kaupandans að greiða þinglýsingarkostnað vegna þinglýsingar veðskuldabréfs, en sá kostnaður felst í áður nefndu þinglýsingargjaldi og stimpilgjöldum sem eru 1,5% af upphæð veðskuldabréfsins.

3.5 Veðsetning fasteignar

Í kjölfar þess að einstaklingur eða hjón ákveða kaup á íbúðarhúsnæði er að jafnaði sótt um greiðslumat hjá viðkomandi viðskiptabanka. Í greiðslumati er gefið upp hvað umsækjandi getur fengið hátt fasteignalán miðað við greiðslugetu að teknu tilliti til eigna, skulda og annarra þátta sem hér skipta máli. Í ljósi þess gerir kaupandinn kauptilboð í fasteign og sækir um fasteignalán til lánastofnunar fyrir tiltekinni upphæð og venjulega með veði í fasteigninni.

¹⁵ 15. gr. laga um tekju- og eignaskatt, nr. 90/2003.



Mynd 14. Lántaka með veði í fasteign.

1. Kaupandi sækir um greiðslumat, oftast nær hjá viðskiptabanka sínum.
2. Kaupandi sækir um fasteignalán að ákveðinni upphæð.
3. Við mat á umsókn aflar lánastofnunin upplýsinga um veðbókarvottorð viðkomandi fasteignar sem fyrirhugað er að veðsetja og vottorðs um fasteigna- og brunabótamat eignarinnar.
4. Lánastofnunin fellst á umsókn láns og gefur út veðskuldabréf.
5. Kaupandi undirritar veðskuldabréfið.
6. Veðskuldabréfið er vottað um rétta dagsetningu og undirskrift.
7. Veðskuldabréfinu er þinglýst.
8. Lánastofnunin greiðir út lánsfjárhæðina.
9. Kaupandinn móttekur lánsfjárhæð.

Kostnaður

Lántakandi þarf að greiða þinglýsingarkostnað vegna þinglýsingar veðskuldabréfs, en sá

kostnaður felst í þinglýsingargjaldi, 1.350 kr. og stimpilgjöldum sem eru 1,5% af upphæð veðskuldabréfsins.

Skilmálabreyting veðskuldabréfs og endurútgáfa

Ekki er óalgengt að skilmálabreytingu á veðskuldabréfi sé þinglýst. Það getur verið t.d. í þeim tilvikum þegar lánstími skuldabréfsins er lengdur og þarf þá aðeins að greiða þinglýsingargjald, 1.350 kr. Ef höfuðstóll skuldabréfsins er hækkaður þarf aftur á móti einnig að greiða stimpilgjald af mismuni fyrra höfuðstóls og hins nýja.

Endurútgæfið skuldabréf er skuldabréf sem gefið er út í stað eldra bréfs og er eldra bréfið um leið fellt úr gildi. Hálf stimpilgjald er reiknað út frá höfuðstól nýja bréfsins. Ef endurútgæfna skuldabréfið er herra en sem nemur uppgreiðsluverðmæti eldra skuldabréfsins skal greiða fullt stimpilgjald af mismuninum.

4 Notkun skráningarupplýsinga

4.1 Miðlun upplýsinganna

Landskrá fasteigna er opinber skrá og er að meginstefnu aðgengileg þeim sem þess óska. Takmörkun á aðgangi að upplýsingum geta þó verið vegna löggjafar um vernd persónuupplýsinga.¹⁶ Upplýsingagjöf um allar fasteignir í eigu tiltekinna einstaklinga og fyrirtækja eru háðar takmörkunum þar sem þær upplýsingar falla undir fjárhagsmálefni og persónuvernd.

Helstu notendur upplýsinga úr Landskrá fasteigna eru fjölmargir. Meðal þeirra eru:

- Sveitarfélög
- Bankar
- Tryggingafélög
- Fasteignasalar
- Lögmenn
- Fjárfestingarfélög
- Þjóðskrá
- Fyrirtækja- og hlutafélagaskrá
- Skattayfirvöld
- Önnur stjórnvöld

Upplýsingar úr skránni eru tiltækar á mismunandi formi. Í fyrsta lagi með útgáfu vottorða og útprintana á pappír. Þá fer fram margvísleg upplýsingagjöf í gegnum síma.

Grunnupplýsingar úr Landskrá fasteigna eru veittar án endurgjalds á heimasíðu Fasteignamat ríkisins; www.fmr.is.

Þá er mögulegt að fá rafrænan aðgang að Landskrá fasteigna gegn gjaldi og er aðgangur tvenns konar. Annars vegar að þeim upplýsingum sem áður voru í fasteignaskrá

og hins vegar að þinglýsingahlutanum. Upplýsingar úr fasteignaskrárhutanum eru ekki bundnar neinum takmörkunum. Aftur á móti er aðgangur að þinglýsingahlutanum aðeins heimill þeim sem þurfa á þeim upplýsingum að halda atvinnu sinnar vegna þar sem hér er um fjárhagslegar upplýsingar að ræða sem ekki þykir tilhlýðilegt að séu opnar hverjum sem er í gegnum vefinn.

Upplýsingar úr Landskrá fasteigna eru bæði seldar beint frá skráarhaldaranum og einnig í gegnum endursöluaðila. Gagnasamskipti Fasteignamat ríkisins og endursöluaðilanna eru í formi XML skeyta. Notaðar eru vefþjónustur sem byggja á WS-staðli frá Microsoft ásamt rafrænu skilríki endursöluaðilans, en það er útgefið af viðurkenndum vottunaraðila. Þeir viðskiptavinir sem skipta beint við Fasteignamat ríkisins geta valið um XML gagnasamskipti eða samskipti í gegnum Netið. Meirihluti tekna vegna sölu upplýsinga kemur í gegnum endursöluaðila, eða um 65% á árinu 2004.

Að lokum má nefna að mögulegt er að fá sérsniðnar vinnslur úr skránni. Töluvert er um að beðið sé um lista yfir fasteignir t.d. á tilteknu svæði, með tiltekna notkun, o.s.frv. Tilgangur þeirra getur verið í markaðsskyni eða t.d. vegna rannsóknarvinnu. Ef um er að ræða lista vegna markaðsstarfs t.d. vegna útsendingar kynningarefnis frá byggingavörverslun þarf sá sem óskaði eftir listanum að gæta þess að fram komi hvaðan upplýsingarnar eru upprunnar og að mögulegt sé að taka sig af útsendingarlistum sem þessum. Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands halda saman upplýsingum um hverjir hafa óskað eftir að fá slíka merkingu í Landskrá fasteigna.

¹⁶ Lög um persónuvernd, nr. 77/2000.

The screenshot shows the website 'FASTEIGNAMAT RÍKISINS'. The main content area is titled 'Upplýsingar úr Landskrá fasteigna'. It features a search form with a text input containing '224831' and a dropdown menu set to 'Alltandi'. Below the search form is a table of property listings.

Fasteignarnúmer	Stofnun	Stofnúmer	Byggingarár	Stærð	Markaðslegur gildi	Skattgætt gildi	Brúnaþóttamat
224-8631	01 0101	Emblk	2000	200,0m²	13.495.000	4.905.000	18.400.000

Below the table, there is a section for 'Tilraunagata 23 Tilraunabyggð' with a 'Leita' button. To the right, there is a 'Velta' section with a line graph showing fluctuations over time.


Mynd 15. Upplýsingar frá heimasíðu Fasteignamats ríkisins um tiltekna eign.

4.2 Leitarmöguleikar

Upplýsingar án gjalds

Á heimasíðu Fasteignamatsins, www.fmr.is er hægt að nálgast upplýsingar um tiltekna

fasteign. Eignina má finna með því að leita eftir landnámi, fastanúmeri eða heiti eignar, en ekki er mögulegt að leita eftir nafni eigandans. Þar birtast upplýsingar um auðkenni eignar, fasteignamat, brunabótamat, flatarmál og byggingarár.



Mynd 16. Niðurstöður fyrirspurnar um meðalverð einbýlis í Reykjavík með byggingarár 1991 – 2004 á grundvelli leitar í kaupsamningum frá október 2004 til mars 2005.


Hver sem er getur fengið upplýsingar um meðalfasteignaverð íbúðarhúsnæðis samkvæmt kaupsamningum á grundvelli fyrirspurnar þar sem eftirfarandi lykiltríði eru tilgreind:

- Sveitarfélag
- Tímabil kaupsamninga
- Tegund húsnæðis, þ.e. fjölbýli eða einbýli

Heimsóknir á þessa síðu hafa verið fjölmargar og hefur það sýnt sig að lánastofnanir, fasteignasalar og væntanlegir kaupendur og seljendur fasteigna telja þessar upplýsingar mjög gagnlegar.

Frá árinu 2004 birtist ný tegund af gjaldfrjálsum upplýsingum á heimasíðunni, en það eru loftmyndir af byggingum. Loftmyndir eru

tiltækar fyrir 90% allra bygginga með tiltekið heimilisfang.



Mynd 17. Loftmynd af tiltekinni eign samkvæmt fyrirspurn.

Upplýsingar gegn gjaldi

Nánari upplýsingar um fasteignir en þær sem lýst er hér að framan, er mögulegt að fá með beinlínuaðgangi að Landskrá fasteigna gegn gjaldi. Um tvenns konar aðgang að upplýsingum er að ræða. Annars vegar er í fasteignahluta hægt að leita að tiltekinni fasteign eftir götuheiti og númeri, fastanúmeri eða landnúmeri. Þá birtast m.a. upplýsingar um heildarrúmmál, heildarflatarmál, flatarmál einstakra rýma, fasteignamat, brunabótamat, endurstofnverð, tryggingafélag, byggingarar, byggingarefni, eigendur, eignahlutfall, kaupdag og afhendingardag. Mánaðarlegt áskriftargjald er 3.400 kr. og eru 200 uppflettingar innifaldar í því. Hver uppfletting til viðbótar kostar 14 kr.

Einungis skattayfirvöld og lögreglu-yfirvöld hafa beinlínuaðgang að því að finna allar fasteignir tiltekins einstaklings eða fyrirtækis og er þá leitin gerð eftir kennitölu. Fasteignamat ríkisins vinnur eignakannanir gegn gjaldi eftir kennitölum fyrir lögmenn í innheimtustarfsemi og lögmenn sem skipaðir hafa verið skiptastjórar vegna gjaldþrotaskipta, dánarbússkipta og þess háttar og þurfa þeir þá að leggja fram sönnun fyrir tilgangi vinnslunnar.

Hver sem er getur fengið afhent matsvottorð tiltekinnar eignar hjá Fasteignamati ríkisins, en það kostar 300 kr. Þar koma fram upplýsingar um eigendur og matsfjárhæðir.

Hins vegar sætir beinlínuaðgangur að þinglýsingahluta Landskrár fasteigna ákveðnum takmörkunum eins og að framan

hefur verið lýst. Hægt er að fletta upp fasteign eftir götuheiti, fastanúmeri eða landnúmeri. Í veðbandayfirliti sem þá birtist, koma fram upplýsingar um eigendur, áhvílandi veðbönd og kvaðir. Lýsing á efni kvaðar kemur þó ekki fram heldur þarf oftast nær að skoða efni hins

þinglýsta skjals sem er grundvöllur kvaðarinnar. Fyrir beinlínuaðgang að þinglýsingahluta er ekki ákveðið áskriftargjald heldur einungis greitt fyrir hverja uppflettingu og er gjaldið 550 kr. og rennur það í ríkissjóð.

FASTEIGNAMAT RÍKISINS
Landskrá fasteigna

Heim Stillingar Skoða notkun Hjálp

Tilraunagata 23
Tilraunabyggð

Fastanúmer 224-8631 **Landnúmer** 186482
Notkun Einbýli **Greinitala** 9000 01 00000020

Fasteignamat 18.400.000 **Brunabótamat** 21.241.000 **Bygg.efni** Steypt
Húsmat 13.495.000 **Tryggingafélag** Óþekkt trf
Lóðarmat 4.905.000 **Flatarmál** 200,0 m²

Eigendur skv. gjaldendaskrá FMR

Kennitala	Nafn	Eig.hluti	Kaupdagur	Afhent dagur
161046-6559	Örn Ingvarsson	100,0000%	07/09/2003	vantar

Sérmetnar einingar

Audkenni	Merking	Lýsing	Bygg.ár	Bstig	Flatarmál	Fasteignamat	Brunab.mat	Endurst.verð
224-8631	01 0101	Einbýli	2000	7	200,0 m ²	18.400.000	21.241.000	14.925.000

Lóð
Landnr 186482 **Íbúðarhúsaloð** **Stærð** 1.000,0 m² **Heildarlóðarmat** 4.905.000
Eigendur: 999999-8888 Vantar upplýsingar um eiganda 100,0000%

Vísitala brunabótamats: 316,6
Stærð mathluta 01 er 200,0m² og 640,0m²
Dagsetning yfirlits: 29/12/2005

[Veðbandayfirlit](#) [Eigendasaga](#) [Breytingasaga](#)

Til baka

Notandi: margret

Done Internet

Mynd 18. Fyrirspurn í fasteignahluta Landskrár fasteigna um tiltekna fasteign.



Landskrá fasteigna
Veðbandayfirlit

22.11.2005 12:36

Tilraunagata 23 Tilraunabyggð

Festanúmer	Lýsing	Byggingarstig
224-8631	Einbýli 01-0101	7: Fullg. notaein.

Eigendur

Kennitala	Eigandi	Ehl.	Eignarheimild	Skjalnúmer	Útgáfudagur	Móttökudagur
1610466559	Örn Ingvarsson		Afsal	402-A-000002/2005	07/09/2003	08/09/2003

Veðbönd

Vr.	Veðhafi	Upphæð	Mynt	Váttala	Útgáfud.	Móttökud.	Skjalnúmer	Skjaltegund
1	Lánastofnunin	5.000.000 ISK	200,0	10/10/2000	11/10/2000	11/10/2000	402-A-000004/2005	Veðsk.bréf með vöxtum
2	Sparibankinn	10.000.000 ISK	250,0	22/11/2005	22/11/2005	22/11/2005	402-A-000003/2005	Veðsk.bréf með vöxtum

Frumheimild

Skjaltegund	Skjalnúmer	Útgáfudagur	Móttökudagur	Ath.
Lóðarleigusamningur	402-A-000008/2004	02/01/1970	02/01/1970	

Kvaðir

Skjalnúmer	Skjaltegund	Lýsing
402-A-000005/2005	Kvæð	Forkaupsréttur Jónu Jónsdóttur ef Örn selur eignina.

Ath. Prentun á veðbandayfirliti kemur ekki í stað vottorðs þinglýsingarstjóra, sbr. 2.mgr 14.gr. reglugerðar um þinglýsingar nr. 284/1996

Hver sem er getur fengið afhent veðbókarvottorð eignar á embætti sýslumanns gegn 900 kr. gjaldi, en veðbókarvottorð er efnislega samhljóða veðbandayfirliti. Í reglugerð um þinglýsingar er tekið fram að útprentun veðbandayfirlits komi ekki í stað veðbókarvottorðs.¹⁷ Þá er öllum heimilt að fá afhent afrit þinglýsts skjals tiltekinna fasteignar á embætti sýslumanns gegn 100 kr. gjaldi fyrir hverja blaðsíðu.

4.3 Tölfræði

	Fasteignahluti	Þinglýsingahluti
Fjöldi áskrifenda ¹⁸	268	179
Fjöldi endursöluaðila	5	5
Fjöldi uppflettinga á ári ¹⁹	613.083	141.968

Mynd 20. Tölfræði yfir notkun skráningarupplýsinga.

5 Fjármögnun og kostnaður

5.1 Fjármögnun

Landskrá fasteigna er í dag fjármögnuð með þrenns konar tekjustofnum. Í fyrsta lagi fjárframlagi úr ríkissjóði sem nemur um 1/4 hluta tekna Fasteignamats ríkisins. Í öðru lagi með tekjum af skránni sem nemur einnig 1/4 hluta tekna stofnunarinnar og greiða sveitarfélögin um 90% þeirra tekna. Í þriðja lagi með svokölluðu umsýslugjaldi sem er þá helmingur tekna stofnunarinnar og var hækkun þess gjalds lögð tímabundið á alla húseigendur til sex ára til uppbyggingar Landskrár fasteigna. Gjaldið nemur 0,1% af brunabótamati og er það innheimt af vátryggingarfélögum samhliða brunatrygginariðgjöldum. Umsýslugjaldið rennur út í lok árs 2006. Fjárheimild Fasteignamats ríkisins fyrir árið 2004 var um 460 m.kr.

5.2 Skattar og gjöld vegna skráningar

Ekki er tekið sérstakt gjald hjá byggingafulltrúa sveitarfélaga eða hjá Fasteignamati ríkisins fyrir skráningu nýrrar fasteignar í Landskrá fasteigna.

Þinglýsingargjald fyrir þinglýsingu skjals er eins og áður sagði 1.350 kr. sem rennur í ríkissjóð. Við þinglýsingu kaupsamnings, afsals og veðskuldabréfs er tekið stimpilgjald sem rennur í ríkissjóð. Stimpilgjald kaupsamnings og afsals nemur 0,4% af fasteignamati eignarinnar. Ef gjald hefur verið greitt af kaupsamningi er afsalsbréfið á grundvelli þess samnings gjaldfrjálst. Stimpilgjald vegna veðskuldabréfs með vöxtum er 0,15% af fjárhæð þess, en 0,05% af öðrum skuldabréfum og tryggingabréfum.²⁰

Tekjur fyrir upplýsingar úr fasteignahluta Landskrár fasteigna renna til stofnunarinnar, en tekjur fyrir þinglýsingahlutann renna í ríkissjóð.

6 Réttaráhrif

6.1 Þinglýsingahluti Landskrár fasteigna

Ekki er skylt að þinglýsa samningum er varða fasteignir og breytir þinglýsing engu um samningssamband aðila. Undantekning er þó varðandi skjöl er lúta að stofnun nýrra fasteigna, þ.e. stofnskjöl og eignaskiptayfirlýsingar. Þeim ber að þinglýsa. Í reynd er nánast öllum eignarheimildaskjöllum og veðskjöllum þinglýst. Þinglýsing skjala fer fram í þeim tilgangi að afla þeim réttinda, sem skjölin taka til, verndar gagnvart þriðja manni.

Mikilvægt er að upplýsingar í þinglýsingabókum séu traustar. Reglur koma fram í þinglýsingalögum um áreiðanleika þinglýsingabóka og eru þær til þess fallnar að auka öryggi í viðskiptum og stuðla að virku

¹⁷ 14. gr. reglugerðar um þinglýsingar, nr. 284/1996.

¹⁸ Ein áskrift getur verið fyrir eina persónu eða eitt fyrirtæki með mörgum notendum.

¹⁹ Þrjár uppflettingar þar til þess að fá nákvæmstu upplýsingar um tiltekna fasteign úr fasteignahluta.

²⁰ Lög um stimpilgjald, nr. 36/1978.

efnahagslífi. Með fullkomnum áreiðanleika þinglýsingabóka á jákvæða vísu er yfirleitt átt við, að það sem kemur fram í þinglýsingabók, sé rétt að efni til. Í því felst m.a., að þegar skjal hefur verið fært í þinglýsingabók heldur það gildi gagnvart þeim sem í grandleysi hefur öðlast réttindi yfir eign með samningi við þinglýstan eiganda. Í fullkomnum áreiðanleika þinglýsingabóka á neikvæða vísu er hins vegar talið felast, að þinglýsingabækur greini frá tilvist allra réttinda yfir eignum, þannig að þriðji maður getur treyst því að þau réttindi, sem þinglýsingabækur greina ekki frá, gildi ekki og slík réttindi þurfi hann því ekki að virða.²¹

Komist þinglýsingastjóri að raun um að mistök hafi átt sér stað við þinglýsingu hefur hann heimild til þess að leiðrétta þau mistök samkvæmt ákvæðum þinglýsingalaga. Ekkert er því til fyrirstöðu að aðili geti sett fram kröfu um slíka leiðréttingu og ekki er kveðið á um neina tímafresti í því sambandi.

Ríkissjóður getur orðið bótaskyldur vegna tjóns, sem hlýst af þinglýsingastarfsemi. Annars vegar getur komið til bótaskyldu vegna tjóns sem er að rekja til mistaka þinglýsingastjóra og hins vegar getur komið til bótaskyldu þegar þinglýst er ógildu skjali eða þegar ákveðin réttindi falla niður, án þess þó að mistökum þinglýsingastjóra sé um að kenna.²²

6.2 Fasteignahluti Landskrár fasteigna

Ekki er mælt fyrir um réttaráhrif skráningar fasteignar hjá Fasteignamati ríkisins, enda er sú skráning ekki réttindaskrá heldur fremur í þágu opinberra hagsmuna aðallega með tilliti til skattlagningar. Efni fasteignahlutans er mikil upplýsingalind og treysta þeir, sem þær upplýsingar sækja, að upplýsingarnar séu réttar. Upplýsingar í fasteignahluta Landskrár fasteigna eru upprunnar frá sveitarfélögum og tekið er fram í lögum um skráningu og

mat fasteigna að sveitarfélög beri ábyrgð á að upplýsingar eru efnislega réttar. Ef Fasteignamat ríkisins verður vart við að upplýsingar séu ekki réttar er unnið að leiðréttingu þeirra með viðkomandi sveitarfélagi. Það er skylda Fasteignamats ríkisins að skrá nýjustu upplýsingar um fasteignir sem tiltækar eru, þ.e. þær upplýsingar sem borist hafa frá sveitarfélögum, og stofnunin getur borið skaðabótaábyrgð ef hún uppfyllir ekki þá skyldu.

7 Þróunarverkefni

7.1 Jarðalög

Í nýjum jarðalögum²³ sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 2004 er m.a. lagt til að jarðaskrá og lögbýlaskrá sem landbúnaðarráðuneytið heldur skuli vera hluti af Landskrá fasteigna.

7.2 Hnitasetning allra mannvirkja með götuheiti

Fasteignamat ríkisins hefur gert samning við einkafyrirtæki til tveggja ára frá seinni hluta ársins 2004 um aðgang að loftmyndum af öllu landinu og hnitasetningu hvernar fasteignar þar sem mannvirki stendur á. Hægt er nú að skoða loftmyndir í innanhúskerfum og á heimasíðu stofnunarinnar.

7.3 Drög að frumvarpi til laga um landeignaskrá

Vorið 2003 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem falið var að endurskoða gömul lög um landamerki frá 1919, um landskipti frá 1941 og útmælingu lóða í þéttbýli frá 1914, 1917 og 1951 og að vinna að gerð frumvarps um landeignaskrá o.fl., sem ætlað er að koma í stað hinna eldri laga. Nefndin lauk störfum í mars 2004 og hefur skilað drögum að frumvarpi um

²¹ Þorgeir Örylsson. *Þinglýsingar – Mistök í þinglýsingum – Réttarreglur*, bls. 22 og 23.

²² 49. gr. þinglýsingarlaga, nr. 39/1978.

²³ Jarðalög nr. 81/2004.

Þetta efni til ráðherra. Segja má að frumvarp til laga um landeignaskrá sé eðlilegt framhald á þeirri braut umbóta og hagræðingar í opinberri fasteignaskráningu sem hófst með lagasetningu um Landskrá fasteigna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að landeignaskrá taki til hugtaks eins og kataster (þ. Kataster, e. cadastre) og matrikel (d. matrikel, n. matrikkel) og er þetta skilgreint á eftirfarandi hátt í frumvarpinu: „Landeignaskrá merkir í lögum þessum skráningar- og upplýsingakerfi sem varðveitir og birtir þinglýstar upplýsingar í Landskrá fasteigna um afmörkun lóða og landa á samræmdum kortagrunni.“

Þá er í frumvarpinu lagt til að dómsmálaráðherra feli Fasteignamati ríkisins að reka landeignaskrá sem hluta af gagna- og upplýsingakerfinu Landskrá fasteigna. Auðkenni fasteigna í landeignaskrá verða hin sömu og fyrir fasteignir í Landskrá fasteigna. Gert er ráð fyrir því að þinglýsing stofnskjals í

Landskrá fasteigna feli jafnframt í sér skráningu í landeignaskrá.

7.4 Skönnun skjala og mynda


Í fyrstu munu eignarheimildaskjöl verða skönnuð hjá sýslumönnum og birtast öðrum skráningaraðilum, m.a. til innfærslu í kaupskrá. Mikið myndasafn af fasteignum er til hjá Fasteignamati ríkisins vegna matsstarfa og munu þær jafnframt tengjast viðeigandi fasteign í Landskrá fasteigna.

7.5 Rafrænar teikningar

Tilraunaverkefni er nú í gangi í samvinnu við eitt byggingafulltrúaembætti á landinu er lýtur að því að Fasteignamat ríkisins hafi rafrænan aðgang að teikningasafni mannvirkja í sveitarfélaginu í stað þess að fá teikningar sendar á pappír.

Margrét Hauksdóttir

f. 1962. Aðstoðarforstjóri Fasteignamats ríkisins.





Tafla 1.1

Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2004

	Fasteignamat						Brunabótamat
	Alls			Íbúðarhúsnæði			
	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	
Landið allt	2.302.534.436	1.921.454.753	381.079.683	1.530.717.686	1.288.064.441	242.653.245	2.903.219.442
Höfuðborgarsvæðið	1.654.240.338	1.358.688.027	295.552.311	1.157.630.086	960.531.423	197.098.663	1.648.017.510
Reykjavík	1.061.304.633	885.562.444	175.742.189	710.906.609	599.371.288	111.535.321	1.091.751.239
Kópavogur	218.029.596	177.646.400	40.383.196	163.129.383	133.520.806	29.608.577	201.580.651
Seltjarnarnes	40.485.876	31.913.117	8.572.759	36.331.185	28.779.280	7.551.905	35.143.863
Garðabær	85.418.772	65.713.671	19.705.101	68.112.883	53.805.817	14.307.066	79.358.846
Hafnarfjörður	179.466.458	142.068.590	37.397.868	125.135.280	101.783.204	23.352.076	166.811.270
Álfтанes	14.512.736	11.605.666	2.907.070	13.298.021	10.579.568	2.718.453	14.184.419
Mosfellsbær	52.808.562	42.160.991	10.647.571	40.279.480	32.274.768	8.004.712	54.551.199
Kjósarhreppur	2.213.705	2.017.148	196.557	437.245	416.692	20.553	4.636.023
Suðurnes	102.331.516	87.121.781	15.209.735	69.932.582	60.350.416	9.582.166	156.924.152
Reykjanesbær	61.646.800	52.581.337	9.065.463	47.757.451	41.276.125	6.481.326	91.021.893
Grindavík	14.671.558	12.203.496	2.468.062	9.476.824	8.173.971	1.302.853	24.299.088
Sandgerði	15.157.114	13.369.823	1.787.291	4.602.670	4.023.329	579.341	24.167.860
Gerðahreppur	5.627.054	4.726.926	900.128	4.399.070	3.747.801	651.269	10.085.489
Vatnsleysustrandarhr.	5.228.990	4.240.199	988.791	3.696.567	3.129.190	567.377	7.349.822
Vesturland	94.419.096	81.765.853	12.653.243	50.753.884	44.593.639	6.160.245	176.021.244
Akranes	33.711.675	28.562.602	5.149.073	25.340.240	21.770.919	3.569.321	49.415.416
Hvalfjarðarstrandarhr.	5.844.600	5.025.312	819.288	417.611	384.686	32.925	9.791.750
Skilmannahreppur	3.224.599	2.832.384	392.215	458.874	409.626	49.248	6.522.348
Innri-Akraneshreppur	484.848	431.847	53.001	327.721	300.733	26.988	1.267.389
Leirár- og Melahr.	1.023.948	910.650	113.298	314.228	288.692	25.536	2.634.937
Skorradalshreppur	2.882.263	2.240.244	642.019	176.273	161.520	14.753	3.446.954
Borgarfjarðarsveit	5.807.722	5.331.420	476.302	1.873.218	1.742.147	131.071	12.899.471
Hvítársíðuhreppur	681.482	630.584	50.898	159.650	153.555	6.095	1.437.029
Borgarbyggð	18.051.530	15.532.913	2.518.617	8.853.265	7.801.657	1.051.608	32.843.099
Kolbeinsstaðahreppur	633.484	579.165	54.319	206.344	202.731	3.613	1.463.757
Grundarfjarðarbær	3.751.080	3.292.716	458.364	2.396.097	2.122.235	273.862	8.724.243
Helgafellssveit	336.212	307.663	28.549	111.747	110.021	1.726	935.855
Stykkishólmur	5.257.492	4.639.108	618.384	3.557.636	3.153.511	404.125	11.973.867
Eyja- og Miklaholtshr.	976.804	893.900	82.904	361.708	355.934	5.774	2.421.695
Snæfellsbær	7.607.865	6.748.729	859.136	4.516.572	4.060.425	456.147	18.556.301
Saurbæjarhreppur	395.888	376.520	19.368	160.848	157.040	3.808	1.251.375
Dalabyggð	3.747.604	3.430.096	317.508	1.521.852	1.418.207	103.645	10.435.758
Vestfirðir	29.731.237	26.720.068	3.011.169	16.904.477	15.329.268	1.575.209	91.586.994
Bolungarvík	3.261.830	2.926.159	335.671	1.941.968	1.783.916	158.052	10.827.847
Ísafjarðarbær	17.045.954	15.120.193	1.925.761	10.392.598	9.261.974	1.130.624	43.734.928
Reykholahreppur	1.259.774	1.183.487	76.287	488.195	467.390	20.805	4.376.155
Tálknafjarðarhr.	927.762	837.882	89.880	510.272	468.032	42.240	3.063.873
Vesturbyggð	3.248.822	2.966.175	282.647	1.857.847	1.723.971	133.876	13.494.442
Súðavíkurrh.	1.035.389	960.381	75.008	468.731	443.344	25.387	4.371.094
Árneshreppur	305.000	289.778	15.222	99.150	97.590	1.560	1.435.829
Kaldrananeshr.	402.479	363.426	39.053	166.338	156.975	9.363	1.637.975
Bæjarhreppur	426.389	401.469	24.920	133.201	129.767	3.434	1.757.072
Broddaneshr.	226.467	218.612	7.855	94.447	93.839	608	1.082.755
Hólmavík	1.591.371	1.452.506	138.865	751.730	702.470	49.260	5.805.024



Tafla 1.1 frh.

Fasteignamat og brunabótamat á Íslandi 31. desember 2004

	Fasteignamat						Brunabótamat
	Alls			Íbúðarhúsnæði			
	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	Fasteignamat samt.	Húsmat	Lóðarmat	
Norðurland	198.019.546	175.189.980	22.829.566	123.383.856	108.597.949	14.785.907	394.611.693
Siglufjörður	4.737.648	4.254.244	483.404	2.335.683	2.138.376	197.307	15.954.931
Skagafjörður	20.977.098	18.913.799	2.063.299	11.904.184	10.708.698	1.195.486	49.406.637
Húnaþing vestra	5.982.712	5.566.519	416.193	2.536.169	2.370.544	165.625	18.948.649
Áshreppur	501.227	479.458	21.769	104.164	102.606	1.558	1.389.173
Sveinsstaðahreppur	512.475	489.658	22.817	114.245	112.375	1.870	1.455.708
Torfalækjarhreppur	805.145	777.803	27.342	156.170	153.447	2.723	1.757.144
Blönduós	4.007.864	3.595.976	411.888	2.195.731	2.022.376	173.355	12.259.369
Svínavatnshreppur	4.482.935	4.433.550	49.385	478.613	475.298	3.315	7.207.242
Bólstaðarhlíðarhr.	440.267	419.964	20.303	123.621	122.803	818	1.551.200
Höfðahreppur	1.932.746	1.746.404	186.342	1.116.655	1.024.405	92.250	5.862.067
Skagabyggð	467.232	443.288	23.944	121.716	120.601	1.115	1.606.387
Akrahreppur	810.091	771.816	38.275	360.944	352.756	8.188	2.653.442
Akureyri	104.459.211	89.619.814	14.839.397	75.688.393	65.121.900	10.566.493	146.898.377
Húsavík	10.512.761	9.277.046	1.235.715	6.869.532	6.098.235	771.297	23.386.560
Ólafsfjörður	4.071.501	3.644.740	426.761	2.806.055	2.529.494	276.561	9.956.210
Dalvíkurbyggð	8.732.535	7.805.298	927.237	5.339.242	4.726.014	613.228	20.299.698
Grímseyjarhreppur	272.065	253.220	18.845	154.561	143.901	10.660	966.854
Arnarneshreppur	798.728	736.023	62.705	404.797	378.184	26.613	2.145.521
Eyjafljóðarsveit	4.239.243	3.943.192	296.051	2.356.927	2.205.894	151.033	11.047.007
Hörgárbyggð	2.333.371	2.176.144	157.227	1.065.681	1.003.357	62.324	6.582.502
Svalbarðsstrandarhr.	1.701.603	1.540.668	160.935	1.006.447	905.610	100.837	4.492.009
Grýtubakkahreppur	1.612.508	1.478.246	134.262	1.016.007	921.707	94.300	4.502.204
Skútustaðahreppur	2.535.058	2.381.916	153.142	881.571	825.267	56.304	6.986.145
